





NORÐURLÖND HAFA ÝMISLEGT FRAM AÐ FÆRA

Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa

Nord 2004:5

ISBN 92-893-1022-7

©Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn

Hönnun útlits: Kjell Olsson – NMR/PUB

Ljósmyndir: Beate Nøsterud

Prentun : Akaprint A/S, Ársár 2004

Upplag : 1.000

Pappír : Umhverfissvænn pappír sem uppfyllir kröfur tengdar norræna umhverfismerkinu, svaninum.

Printed in Denmark

Ritstjórn: Gunvor Mikkelsen, lektor við menntaskólann í Tårnby í Danmörku; Torkil Sørensen, upplýsingadeild Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ritstjórnarhópur, sem einnig hefur tekið þátt í samningu staðreyndakaflanna: Erik Geber menntamálafultrúi, menntamálaráðuneytinu, Finnlandi; Guðlaug Guðmundsdóttir framhaldsskólakennari, Íslandi; Ingrid Yrvin ritstjóri, Námsgagnamiðstöðinni, Noregi; Jan Wickléus, lektor í samfélagsfræði, Torsbergsmenntaskólanum í Bollnäs, Svíþjóð, og Klaus Munch Haagensen, Sofia Pitt Boserup og Sigrún Stefánsdóttir, upplýsingadeild Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.

Ritstjórn lauk störfum í apríl 2004.

„Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ kemur einnig út í sænskri/norskri/danskri og finnskri útgáfu.

Nord 2003:3 Norden har noe å bidra med ISBN 92-893-1020-0

Nord 2003:4 Pohjola on paljon annettavaa ISBN 92-893-1023-5

Hægt er að panta útgáfurit Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs hjá umbóðsaðilum okkar – www.norden.org/agenter

Upplýsingar um önnur útgáfurit á www.norden.org/publikationer



EFNISYFIRLIT

Formáli 7

I NORRÆN SAMSEMD Í HNATTVÆDDUM HEIMI 10

II RITGERÐIR NORRÆNNA RITHÖFUNDA 18

Jan Kjærstad: *Hvers vegna ekki er hægt að vera áhorfandi* 20

Henrik Nordbrandt: *Vanahugsun og draumsýn* 25

Einar Már Guðmundsson: *Miðjan hvílir undir iljum þínum* 32

Eva Ström: *Fjögur ljóð* 41

Kari Hotakainen: *Úr Skotgrafavegi* 44

III SAMSTARF Í NORÐUR-EVRÓPU 52

Norrænt samstarf eftir stækkun ESB 55

Fjögur sjónarhorn á grannsvæði Norðurlanda í austri 59

Að ráða fram úr því óviðráðanlega 63

Að ferðast um Norðurlönd 66

Tölfræðilegar upplýsingar 67

Nánari upplýsingar um Norðurlönd 68

o

r

d

e



FORMÁLI

Á vettvangi norræns samstarfs fara fram umræður um það hvernig Norðurlönd sem heild, þar með talið Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin, eigi að bregðast við þeim breytingum sem eiga sér stað í Evrópu.

Evrópukortið hefur tekið breytingum. Breytingarnar hófust strax eftir fall Berlínarmúrsins árið 1989 og hrun Sovétríkjanna sem fylgdi í kjölfarið. Það hefur tekið sinn tíma fyrir Evrópu að laga sig að nýjum aðstæðum. Árið 2004 fengu tíu lönd, af þeim þrettán löndum sem sóttu um, aðild að Evrópusambandinu (ESB). Pólítískar aðstæður í Evrópu hafa breyst og stórveldið Rússland er nú orðið nágranni Evrópusambandsins.

Líkur á nánari tengslum Evrópuríkja hafa hrundið af stað umræðum um nýja evrópska vitund eða samkennd, bæði hjá fylgjendum og andstæðingum ESB.

Við verðum að taka afstöðu til alls þessa. Hvaða þýðingu hafa breytingarnar í heiminum og þá sérstaklega í Evrópu, fyrir Norðurlönd og norrænt samstarf? Hvernig geta áherslur í norrænu samstarfi haft áhrif á framvindu mála á evrópskum vettvangi? Er til norræn samsemd? Ef svo er, er hún þá samrýmanleg evrópskri samsemd sem ef til vill er að verða til?

Bók þessari er ætlað að skapa grundvöll fyrir umræður meðal nemenda í framhaldsskólum um stöðu Norðurlanda og norrænt samstarf í breyttu pólítísku umhverfi í Evrópu.

Formlegt samstarf Norðurlanda hefur verið við lýði í liðlega fimm tíu ár. Sem dæmi um árangur af samstarfinu má nefna sameiginlegan norrænan vinnumarkað, vegabréfasamning og samninga um félagsmál þar sem markmiðið er að tryggja norrænum borgurum sem dvelja í öðru norrænu landi sömu réttindi og þeir njóta í heimalandi sínu. Umhverfisvernd hefur einnig verið og er enn eitt af helstu áherslumálunum í norrænu samstarfi. Til dæmis hefur umhverfismerkið „græni svanurinn“ verið til frá árinu 1989. Neytendur geta treyst á það að vörur sem merktar eru með græna svaninum séu umhverfisvænar. Norrænt samstarf er jafnframt rammi um skoðanaskipti og miðlun reynslu á flestum sviðum samfélagsins.

Útgáfa bókarinnar „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ felur í senn í sér spurningu og ósk um að sameiginlegt gildismat í velferðarmálum og málum sem snerta félagslegt öryggi og jafnrétti sem Norðurlandabúar hafa unnið dyggilega að, glattist ekki í evrópsku samrunaferli. Meginmarkmið bókarinnar er að hvetja ungt fólk til að taka þátt í umræðum um norrænt samstarf og tengsl norrænu landanna við Evrópu. Þeir sem ungir eru í dag eiga síðar eftir taka við stjórnartaumunum í alþjóðlegu samstarfi.

Bókin er byggð upp á þann hátt að fyrst eru skoðaðar sögulegar forsendur þess að við tölum um Norðurlönd sem heild og síðan er litið fram

á veginn til að meta forsendur norræns samstarfs í framtíðinni.

Í fyrsta hluta bókarinnar „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ er „norræna samfélagsgerðin“ kynnt fyrir lesandanum og birtar eru tölfræðilegar upplýsingar um norrænu samfélögin, íbúa þeirra og tungumál.

Annar hluti bókarinnar inniheldur greinar eftir fimm rithöfunda frá Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi sem hlotið hafa bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Höfundarnir lýsa persónulegri reynslu sinni af samsemd í sínu heimalandi, á Norðurlöndum og í Evrópu. Þær skoðanir sem eru settar fram eru skoðanir höfundanna en endurspeglar ekki opin-

bera afstöðu Norðurlanda. Markmiðið er að viðhorfin og hugmyndirnar sem koma fram geti vakið umræður.

Í þriðja hluta bókarinnar „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ eru ýmsar upplýsingar um Norðurlönd í nýrri Evrópu. Greinarnar eru skrifaðar í nánú samstarfi einstaklinga sem sinna norrænu samstarfi og fólks sem er í tengslum við nemendur og kennara á framhaldsskólastigi.

Bókin hentar vel bæði í móðurmálskenndu og í samfélagsfræðum, en einnig í verkefnum og þverfaglegu samstarfi. Bókin getur einnig nýst í greinum eins og sögu og landafræði.

Aftast í bókinni eru ábendingar um hvernig nálgast má nánari upplýsingar um Norðurlönd



og samstarf ríkja og samtaka í Norður-Evrópu. Á heimasíðu okkar www.norden.org er sérstakur vefur um þessa bók. Þar má finna krækjur og ábendingar til kennara um hvernig nýta má efnið í kennslu.

Myndirnar í bókinni tók norskri ljósmyndarinn Karin Beate Nøsterud. Þær voru upphaflega teknar fyrir ársskýrslu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar 2003. Myndirnar sýna fólk og staði á Norðurlöndum og allar segja þær sína sögu eða fá lesandann til að brosa svólítið. Þess vegna eru myndirnar líka hafðar með hér.

Góða skemmtun!





NORRÆN SAMSEMD Í HNATTVÆDDUM HEIMI

Hvers vegna er talað um Norðurlönd? Er til eitt-hvað sem kalla má norræna vitund? Ef norræn vitund er til og við viljum rækta norrænt samstarf, til hvaða ráða eigum við þá að grípa? Þetta eru dæmi um spurningar sem við teljum æskilegt að verði ræddar.

Norðurlönd eiga margt sameiginlegt og í aldanna rás hafa norræn samfélög þróast á þann veg að þau eru lík innbyrðis og á margan hátt ólík öðrum löndum í Evrópu og í heiminum. Stundum er talað um sérstaka norræna samfélagsgerð eða „norræna módelið“. Sameiginleg saga, málsamfélag og sameiginleg menningararfleið eru aðrir mikilvægir þættir sem norræn samsemd og norræn vitund byggjast á.

Formlegt samstarf norrænu landanna byggist á Helsingfors-sáttmálanum og ýmsum stofnunum sem settar hafa verið á laggirnar til að sinna samstarfinu. Í úttekt sem gerð var í lok nýliðinnar aldar kom fram að Norðurlandabúar voru jákvæðir í garð norræns samstarfs og vildu helst að nánara samstarf yrði haft, bæði hvað varðar innri málefni Norðurlanda en einnig í samskiptum við aðra heimshluta. Það er því ljóst að norræn samvinna á sér djúpar rætur meðal almennings.

Forsendur norrænnar samsemdar og norræns samstarfs eru allt aðrar nú en þegar formlegt samstarf landanna hófst með stofnun Norðurlandaráðs árið 1952. Aukin hnattvæðing hefur haft veruleg áhrif á lífsstíl fólks, menningu og almennt atferli. Hnattvæðingin hefur í för með

sér nánara samband milli landa og þjóða. Ástæðurnar eru meðal annars ört vaxandi alþjóðleg verslun, samrunaferlið í Evrópu, miklar tækniframfarir – ekki síst á sviði fjar-skiptatækni, svo og aukin ferðalög fólks milli landa, bæði af fúsum og frjálsum vilja og af nauð. Þessi þróun er ekki einsdæmi á á Norðurlöndum, heldur er hún dæmigerð fyrir alla heimsbygðina.

Þegar athyglinni er beint að norrænni ímynd og vitund skapast grundvöllur fyrir umræður um þær breytingar sem eru að verða á forsendum og möguleikum norrænu velferðarríkjanna og norræns samstarfs. Hvernig hefur norrænt samstarf þróast? Hvað er átt við með „norræna módelinu“? Hver er staða norrænu tungumálanna? Hvernig er þátttöku Norðurlanda í alþjóðasamstarfi háttað?

Hin norræna samfélagsgerð

Samfélagsgerðin er eitt af því sem endurspeglar best sameiginlegt gildismat fólks á Norðurlöndum. Almennt nær hugtakið „norræna módelið“ yfir þá samfélags- og stjórnskipan sem móttast hefur á Norðurlöndum undanfarin 100 ár. Helstu einkenni stjórnskipaninnar eru:

- Rótgróin þingbundin lýðræðissamfélög
- Háþróuð velferðarríki

- Efnahagslega, stjórnmálalega og menningarlega opin gagnvart umheiminum
- Náið samstarf
- Lýðræðisþróun sem byggir á mikilli þátttöku almennings, bæði staðbundin og í landsmálum. Öflugar bænda- og verkalýðshreyfingar
- Áhersla lögð á að leysa deilur á friðsamlegan hátt

Oft er hugtakið „norræna samfélagsgerðin“ notað um samfélagsgerð velferðarríkisins þar sem grundvallarreglan er sú að allir borgarar, óháð félagslegri stöðu, eiga rétt á þeirri þjónustu sem velferðarríkið veitir. Þjónustan er að mestu leyti fjármögnuð með sköttum og í öllum norrænu ríkjunum er opinberi geirinn stór í samanburði við önnur Evrópulönd. Á Norðurlöndum er þátttaka kvenna í atvinnulífnum mikil – u.þ.b. átta af hverjum tíu konum á Norðurlöndum eru starfandi á vinnumarkaði.

Öflugar verkalýðshreyfingar eru oft sagðar skýra þessa þróun velferðarsamfélagsins á Norðurlöndum en jafnframt hafa stærstu stjórnmálaflokkarnir verið sammála um mikilvægar pólitískar umbætur.

Ljóst er að á næstu áratugum verða miklar breytingar á aldurssamsetningu á Norðurlöndum og í stórum hluta Evrópu. Þær

SAGA	1397–1521	Kalmarsambandið – Margrét fyrsta Danadrottning sameinar Norðurlönd.
NORRÆNS	1521–	Eftir endalok Kalmarsambandsins voru háð mörg stríð milli vestnorræna konungdæmisins Danmerkur-Noregs undir dönskum konungi sem jafnframt réð yfir Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og austnorræns konungdæmis þar sem sænskur konungur réð yfir Svíþjóð og Finnlandi.
SAMSTARFS		
Norrænt samstarf á sér margra alda sögu og erfitt er að segja til um upphaf þess.	1809	Rússland leggur Finnland undir sig.
	1815–1905	Noregur og Svíþjóð í ríkjasambandi.
	1873–1914	Norrænt póstsamband og myntbandalag.
	1905	Noregur öðlast sjálfstæði.
	1917	Finnland öðlast sjálfstæði.
	1944	Ísland öðlast sjálfstæði.
	1952	Stofnun Norðurlandaráðs.
	1954	Norræni vegabréfasamningurinn.
	1962	Helsingfors-sáttmálinn um eflingu norræns samstarfs.
	1971	Stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar.

breytingar munu leiða til þess að hlutfall fólks sem er á vinnumarkaði lækkar. Með tilliti til þess telja margir að sjálfur grundvöllur norrænu velferðarríkjanna sé í hættu. Eftir því sem færri starfa á vinnumarkaði minnka skattgreiðslur og þeim fækkar sem geta annast eldri borgara og sjúka og veitt vinnandi fólki nauðsynlega þjónustu, til dæmis á dagvistarstofnunum.

Ýmsar hugmyndir eru reifaðar um hvernig leysa megi þessi vandamál. Í fyrsta lagi er hægt að nýta vinnuafli á skilvirkari hátt. Í öðru lagi má hugsa sér að lengja vinnutíma. Þá er bæði átt við fjölda vinnustunda á viku en einnig að færa eftirlaunaaldurinn til. Í þriðja lagi má hugsa sér aðgerðir til að auka innflutning vinnuafli.

Ef til vill þarf að nota allar þessar hugmyndir til að viðhalda því samfélagi sem við búum við í dag.

Áhrif framandi menningar á Norðurlöndum

Sem áður segir hefur hnattvæðingin haft í för með sér aukin samskipti milli landa og þjóða. Við verðum fyrir áhrifum þegar við ferðumst til annarra landa sem ferðamenn eða vegna starfa okkar, en jafnframt kemur fólk til Norðurlanda


frá öllum heimshlutum og hefur áhrif á okkur.

Síðastliðin 10–15 ár hafa Norðurlönd ekki farið varhluta af auknum innflutningi fólks þó í mismunandi mæli sé. Mikill munur er á stefnu norrænu ríkjanna í málefnum innflytjenda og aðlögun þeirra að samfélaginu, þó að alls staðar sé þörf á auknu vinnuafli. Þessari þörf hefur meðal annars verið mætt með því að laða að innflytjendur. Hreinn aðflutningur, og er þar átt við muninn á fjölda aðfluttra og brottfluttra, er nú sá þáttur sem hefur mest áhrif á fólksfjölgunina á Norðurlöndum. Verulega dró úr náttúrulegri fólksfjölgun, sem í grófum dráttum felst í fjölda fæddra umfram fjölda látinna, á síðasta áratug 20. aldarinnar.

Við lesum á mismunandi hátt úr tölfræðilegum upplýsingum um innflytjendur eftir því hvað við viljum mæla. Ætlum við að mæla hversu margir útlendingar flytja til Norðurlanda? Viljum við sjá hve margir innflytjendur koma frá þróunarlöndunum? Leitum við svara við einhverjum allt öðrum spurningum?

Ef við viljum sjá hversu margir útlendingar dvelja á Norðurlöndum verður málið strax flóknara. Hvað með þá sem fengið hafa norrænt ríkisfang, eru þeir líka útlendingar? Ef þeir eru útlendingar, teljast þá börnin þeirra útlending-

Mynd 1. Breytingar á íbúasamsetningu á Norðurlöndum



ar eða innflytjendur? Í hversu margar kynslóðir eru innflytjendur útlendingar? Eina, tvær, þrjár? Svarið við spurningunni um fjölda útlendinga fer að miklu leyti eftir því hverjir eru skilgreindir sem útlendingar.

Ef við gefum okkur að allir þeir sem hafa ekki norrænt ríkisfang teljist vera útlendingar verður niðurstaðan þessi: Útlendingarnir eru fæstir í Finnlandi. Þar eru u.þ.b. 2,0 prósent íbúa ekki finnskir ríkisborgarar. Útlendingar eru flestir í Svíþjóð, þar eru 5,3 prósent íbúa ekki með sænskt ríkisfang. Næstflestir eru útlendingar í Danmörku þar sem 4,9 prósent íbúa eru ekki danskir ríkisborgarar.

Fjöldi brottfluttra frá Norðurlöndum hefur fjölgað á síðustu árum en þegar á heildina er litið hafa fleiri flutt til Norðurlanda en frá þeim. U.þ.b. 35 prósent þeirra sem flytja frá einu Norðurlandanna flytja til annars norræns lands.

Norrænt málsamfélag – hugsjón eða raunveruleiki

Er til norrænt málsamfélag? Er norrænt málsamfélag þáttur í norrænni samsemd? Ef svo er, hversu mikilvægur þáttur er það? Er enskan að ná yfirhöndinni?


Norrænt málsamfélag á Norðurlöndum er mjög sérstakt fyrirbrigði. Í því felst að þeir sem kunna eitt þriggja tungumála, dönsku, norsku eða sænsku, geti einnig skilið hin tvö. Þannig geta meira en þrír fjórðu hlutar Norðurlandabúa í raun talað móðurmál sitt þegar þeir eru samvistum við aðra úr þessum hópi og vænst þess að allir skilji það sem þeir segja.

Raunveruleikinn stangast þó oft á við hugsjónina. Margt þarf að hafa í huga þegar talað er um gagnkvæman málskilning innan Norðurlanda.

Nærri fjórðungur Norðurlandabúa á sér annað móðurmál en dönsku, norsku eða sænsku. Þótt sænska sé opinbert tungumál í Finnlandi skilja margir Finnar ekki sænsku og þeir eiga enn erfiðara með að skilja dönsku og norsku. Í rannsókn sem gerð var á málskilningi á norrænum fundum sögðust ekki nema fimm prósent aðspurðra Finna skilja talaða dönsku vel, 84 prósent sögðust skilja dönskuna illa.

Flestir Færeyingar, Grænlandingar og Íslendingar læra dönsku en það þýðir ekki að þeir skilji sjálfkrafa einnig norsku og sænsku. Þó danska sé kennd í skólum á Íslandi eiga margir Íslendingar erfitt með að skilja talaða dönsku. Danir, Norðmenn og Svíar geta átt erfitt með að skilja

Mynd 2. Áætluð aldursdreifing Norðurlandabúa 2010 og 2030




mállýskur á öðru tungumáli en móðurmáli sínu.

Norræni menningarsjóðurinn hóf á árinu 2001 rannsóknarverkefni um gagnkvæman mál-skilning Dana, Norðmanna og Svía á aldrinum 16–19 ára. Fyrstu niðurstöður benda til að Norðmenn eigi yfirleitt auðveldast með að skilja tungumál nágrannanna en Dönnum veitist það erfiðast. Norðmenn skilja betur talaða sænsku en talaða dönsku og Svíar skilja norsku betur en dönsku. Það bendir til þess að töluð danska sé það mál sem flestir á Norðurlöndum eiga erfitt


með að skilja. Fyrst við eigum svona erfitt með að skilja hvert annað á Norðurlöndum, hvers vegna tölum við ekki bara ensku? Af hverju þurfum við yfirleitt að reyna að skilja „skandinavísku“? Þegar Norðurlandabúar tala saman gefast þeir stundum upp og grípa til enskunnar.

Það eru þó ýmis rök sem hníga að því að leggja rækt við Norðurlandamálin. Í skýrslu Norræna málráðsins: „Att förstå varandra i Norden“ eru eftirfarandi ástæður nefndar:

Mynd 3. Innflytjendur til norrænu landanna árið 2002. Aths: Tölur fyrir Noregur eru frá árinu 2001



Mynd 4. Íbúar sem eru ekki ríkisborgarar viðkomandi lands 2003



Skandinavísku tungumálin þrjú; danska, norska (bókmal) og sænska, eru náskyld og að vissu marki er gagnkvæmur málskilningur hjá þeim sem þessi mál tala. Þessi þrjú tungumál rúma að auki fjölmargar mállýskur, sem erfitt getur verið að skilja, jafnvel fyrir þá sem búa í viðkomandi landi.

Færeyska og íslenska eru skyld skandinavísku málunum þremur og þeir sem tala færeysku og íslensku skilja hver annan að vissu marki. Færeyska, íslenska og miðaldanorska eru nefnd vestur-skandinavísk tungumál en danska og sænska tilheyra austur-skandinavískum tungumálum. Utan Svíþjóðar er sænska einnig töluð á Álandseyjum og á ýmsum strandsvæðum Finnlands. Bæði danska og færeyska eru opinber tungumál í Færeyjum og sama á við um dönsku og grænlenzku eða réttara sagt inuit, á Grænlandi. Inuit (grænlenzka) er tungumál af allt öðrum stofni en önnur norræn tungumál og er skyldara tungumálum sem töluð eru í Norðaustur-Kanada.

Finnska á rætur í allt annarri málfjölskyldu en hin norrænu tungumálin. Hún tilheyrir finnsk-úgríska málstofnuninum sem eistneska og ungerska falla einnig undir.

Samar, sem búa í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Rússlandi, hafa eigið tungumál sem um tveir þriðju hlutar Sama tala, en þeir eru alls um 70.000. Sumir fræðimenn telja að samíska, sem skiptist í marga málhópa, sé skyld finnsku. Fólk sem talar finnsku skilur þó ekki samísku án þess að hafa lært málið.

- Fáir Norðurlandabúar ráða það vel við ensku að þeir geti tjáð sig frjállega og óþvingað – þótt þeir haldi kannski annað
- Það þarf mun minni kunnáttu til að skilja skylt grannmál en til að tala óskylt tungumál
- Enn sem komið er henta Norðurlandamálin best til að lýsa norrænum aðstæðum
- Norrænt málsamfélag er sterkt tákn um norræna samsemd, ekki síst utan Norðurlanda

Sú spurning vaknar hvort norrænu málsamfélagi standi í raun ógn af enskunni. Verður hægt að tala dönsku, norsku eða sænsku á Norðurlöndum í framtíðinni og gera ráð fyrir að aðrir skilji mann?

Norðurlönd og alþjóðlegt samstarf

Norrænu ríkin hafa kosið að haga samstarfi sínu við önnur lönd með mismunandi hætti. Þetta á við um stjórnsmál, efnahagsmál og öryggismál. Ástæður þessa eru jafnt sögulegar sem landfræðilegar og pólitískar. Í framtíðinni munu pólitískar áherslur í norrænu samstarfi og sérstaklega samstarfið við löndin við Eystrasalt

markast af stækkun ESB árið 2004 þegar Eystrasaltsríkin þrjú og Pólland gerðust aðilar að ESB.

Tengsl Norðurlanda við Evrópusambandið (ESB) eru ólík. Danir, Finnar og Svíar eiga aðild að ESB en bæði Íslendingar og Norðmenn hafa kosið að tengjast innri markaði ESB með EES-samningnum. Færeyjar og Grænland standa utan Evrópusambandsins, en hafa með sérstökum samningum aðgang að mörkuðum ESB og ákveðnum áætlunum. Álandseyjar eru aðilar að Evrópusambandinu en í sérstakri bókun með samningi Finnlands við ESB er kveðið á um sérstöðu eyjanna. Álandseyjar eru til dæmis ekki með í evrópska tollabandalaginu.

Á sviði öryggismála er einnig mikill munur á þátttöku landanna í alþjóðlegu samstarfi. Danmörk, Noregur og Ísland eru aðilar að NATO en bæði Svíþjóð og Finnland standa utan hernaðarbandalaga. Síðastnefndu löndin tvö taka þó fullan þátt í samstarfi ESB um friðargæslu. Vegna fyrirvara Danmerkur um varnarsamstarf innan ESB standa Danir utan varnarsamstarfsins. Samkvæmt alþjóðlegum samningum og sáttmálum eru Álandseyjar herlaust og hlutlaust svæði. Þrátt fyrir mismunandi stöðu í öryggismálsamstarfinu eru norrænu ríkin þó oft sammála um stefnuna í öryggis- og utanríkismálum.



ESB stækkaði 1. maí 2004 og eiga nú 25 ríki aðild að sambandinu. Þessi 25 ríki eru merkt með gulum lit. Ríki, sem sótt hafa um aðild, eru merkt með dökkgráu. Gert er ráð fyrir að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að ESB árið 2007.

© European Community, 2004

Á Norðurlöndum er áhersla lögð á alþjóðlegt samstarf, ekki síst varðandi aðstoð við þróunarlöndin, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við neyðarástandi víðs vegar í heiminum. Á þessum sviðum hafa löndin með sér öflugt óformlegt samstarf. Þegar litið er á lista yfir framlög þjóða til þróunarlöndu eru Norðurlönd oftast ofarlega.

Norrænu ríkin hafa ákveðið að hafa samstarf um þróunaraðstoð í Afríku. Sambía er fyrsta landið í Afríku þar sem norrænu löndin munu samræma aðstoðina og stjórna Danir því verkefni.

Formlegt norrænt samstarf

Umræðan um náð pólitískt samstarf Norðurlanda hófst fyrir alvöru eftir seinni heimsstyrjöldina. Með stofnun Norðurlandaráðs árið 1952 hófst formlegt samstarf norrænna þingmanna. Árið 1962 undirrituðu Norðurlönd Helsingfors-sáttmálann sem er grundvöllur sam-

starfsins. Árið 1971 var Norræna ráðherra-nefndin sett á stofn sem formlegur vettvangur samstarfs ríkisstjórnanna.

Á fyrstu árum hins formlega samstarfs komu norrænir stjórnálamenn á ýmsum umbótum sem mörkuðu tímamót. Þar má nefna að vegabréfaeftirlit á norrænum landamærum var afnumið árið 1954, stofnaður var sameiginlegur norrænn vinnumarkaður árið 1954 og 1981 var gerður samningur um að Norðurlandabúar hefðu sama rétt til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga og borgarar þess norræna lands sem þeir störfuðu eða dvöldu í.

Undanfarin ár hafa einnig verið gerðir samningar á fleiri sviðum, til dæmis varðandi lífeyris- og skattamál. Árið 1992 var undirritaður samningur um að allir Norðurlandabúar hafi jafnan rétt til námsvistar í framhaldsskólum í löndunum fimm.

Norrænt samstarf tekur til margra mismunandi sviða. Árangur hefur einnig náðst

NORÐURLANDARÁÐ

Í Norðurlandaráði eiga sæti 87 fulltrúar. Þjóðþing Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar senda tuttugu fulltrúa og sjö fulltrúar koma frá Alþingi. Í dönsku sendinefndinni eru tveir fulltrúar frá Færeyjum og tveir frá Grænlandi. Í finnsku sendinefndinni eru tveir fulltrúar fyrir Álandseyjar. Pólitísk samsetning Norðurlandaráðs á að eins miklu leyti og hægt er að endurspeglar pólitíska samsetningu þjóðþinga landanna. Í Norðurlandaráði starfa fulltrúarnir í flokkahópum. Hlutverk Norðurlandaráðs er að koma með tillögur að nýjum aðgerðum og vera norrænum ráðherrum til ráðgjafar og hafa eftirlit með því að ríkisstjórnir Norðurlanda fylgi eftir ákvörðunum um norrænt samstarf. Norðurlandaráðsþing er haldið einu sinni á ári en milli þinga fer starfið fram í ýmsum nefndum og svipar mjög til starfs þjóðþinga landanna. Forsætisnefnd stýrir starfi Norðurlandaráðs. Í henni eiga sæti forseti og tólf fulltrúar. Forsetinn er kosinn til eins árs í senn og skiptast löndin á um að fara með það embætti.

NORRÆNA
RÁÐHERRANEFNDIN

Norræna ráðherranefndin er ekki bara ein heldur margar ráðherranefndir. Fyrir hvert fagsvið sem ríkisstjórnirnar hafa samstarf um starfar ein ráðherranefnd. Samtals eru ráðherranefndirnar um 20. Sumar þeirra fara með mál sem snerta starfssvið margra ráðuneyta í löndunum. Sem dæmi má nefna nefnd ráðherra sem fara með neytendamál. Aðrar ráðherranefndir sinna hefðbundnum verkefnum á borð við menningar- og menntamál, rannsóknir og umverfismál. Hlutverk Norrænu ráðherranefndarinnar er að vera vettvangur samstarfs milli ríkisstjórna Norðurlanda og stjórnvalda á sjálfstjórnarsvæðunum. Norrænt samstarf er á verksviði forsætisráðherra landanna en þeir hafa falið norrænu samstarfsráðherrunum að sinna þessum málaflokk. Norræna samstarfsnefndin (NSK) er samstarfsráðherrunum til aðstoðar. Norrænu löndin fara til skiptis með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, eitt ár í senn.

á sviðum þar sem ekki hafa verið gerðir formlegir samningar. Dæmi um það er sameiginlegt umhverfismerki Norðurlanda, svanurinn. Síðastliðin ár hefur verið lögð áhersla á umhverfismál og sjálfbæra þróun, málefni innflytjenda, afnám landamærahindrana milli norrænu ríkjanna, tækniþróun og norrænar rannsóknir.

Norrænt samstarf fjármagnar um það bil 30 stofnanir. Þær sinna verkefnum sem er bæði hagkvæmara og ódýrara að framkvæma á norrænum vettvangi en að hvert land geri það fyrir sig. Til dæmis varðveitir og skráir Norræni genabankinn hina fjölbreyttu erfðavísa norrænnar flóru. Auk þess styrkir norræna samstarfið um það bil 1500 misstór verkefni og er sérstök áhersla lögð á málaflokkana umhverfismál, menntun og rannsóknir.

Samstarf Norðurlanda við nágrannalöndin og ýmis samtök sem starfandi eru í Norður-Evrópu hefur aukist til muna undanfarin ár.

Mikill hluti starfseminnar beinist að löndum við Eystrasalt, Norðvestur-Rússlandi, norðurskautsvæðinu og Evrópusambandinu.

Samstarf þingmanna innan Norðurlandaráðs og samstarf ríkisstjórna í Norrænu ráðherranefndinni er einstakt á alþjóðlegum vettvangi.

II

RITVERK NORRÆNNA RITHÖFUNDA

Í þessum kafla er sýnishorn af norrænum bókmenntum. Fimm rithöfundar, einn íslenskur, einn danskur, einn norskur, einn sænskur og einn finnskur skrifa á mismunandi hátt um það að búa á Norðurlöndum. Rithöfundarnir njóta allir viðurkenningar heima fyrir og þeir hafa jafnframt allir hlotið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Fjórir rithöfundanna hafa skrifað sérstaklega fyrir bókina „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa” en framlag Kari Hotakainens er brot úr bókinni *Juoksuhaudantie* (Skotgrafavegur) sem hann hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 2004.

Einar Már Guðmundsson, Jan Kjærstad og Henrik Nordbrandt hafa skrifað ritgerðir en Eva Ström ljóð. Textarnir varpa ljósi á ýmis af þeim málefnum sem fjallað er um annars staðar í bókinni, til dæmis hvað það þýðir að vera frá ákveðnum stað, hlutverk Norðurlanda í Evrópu nýrra tíma og hvort sú samfélagsgerð sem við höfum kosið á Norðurlöndum sé hin rétta.

Lesið og takið afstöðu!



Large, stylized black graffiti letters on a white background, possibly reading "Nazis".

Nazis

Black graffiti letters on a black background, possibly reading "Nazis".

Hvers vegna ekki er hægt að vera áhorfandi

Um það að vera norskur á Norðurlöndum, í Evrópu, í heiminum

Fyrir allnokkru þjó ég í fáein ár í afrísku landi. Fjarlægðin að heiman gerði það að verkum að ég kom auga á ýmsa vafasama þætti í fari þjóðar minnar, sem ég hafði áður verið blindur á. Þar sem ég sat á stól undir rósviðartré í Afríku, álfu sem hrjáð er af stríði og hungri, neyddist ég til að horfast í augu við það hversu lítið við hugsum um aðra, að vandinn í samskiptum Noregs við heiminn, Evrópu og Norðurlönd er sú sjálfsblekking að í lagi sé að einangra sig. Eins og Pétur Gautur hefur Noregur allt of lengi lifað eftir einkunnarorðunum „að vera sjálfum sér nógur“.

Þar sem ég sat á stólnum mínum undir rósviðartrénu í bláfátæku Afríkulandi gat ég ekki lengur lokað augunum fyrir því að hafa alist upp í því horni heimsins sem nýtur einna mestra forréttinda og verndar. Í æsku fór ég oft á norska þjóðminjasafnið í Osló. Ég man hvað ég var hissa á litlu timburhúsunum með torfþökum og opnum eldstæðum í stofunni. Ég gat ekki skilið að flestir Norðmenn hefðu búið svona fyrir 150 árum. Í kappsiglingu sögunnar var Noregur eftirbátur flestra í byrjun 20. aldar, eins og fúinn tíæringur með mölétin segl, en þegar leið að nýju árþúsundi skutumst við í fremstu röð, eins og glæsisnekkja í sérflokki, með fullan geymi eldsneytis og allan hugsanlegan rafbúnað.

Það eru auðvitað ýmsar ástæður fyrir þessum vaxtarklipp, en enginn getur neitað því að við höfum verið heppin, að eins konar Golfstraumur hefur komið okkur áleiðis. Ýmis gæði koma fljótandi alla leið til okkar á norðurhjaranum, og einmitt vegna þess hversu afskekkt við erum höfum við getað tekið þátt í að saga til okkar auðlindir annarra heimshluta, svo að segja án þess að skuggi falli á okkur. Við getum auðvitað dregið fram nokkra útgerðarmenn og frumkvöðla í iðnaði, en við vitum að forsendur velmegunarinnar er að mestu leyti að finna utan Noregs. Hægt að líkja Noregi við botnlanga, ómerkilegt viðhengi sem fær næringu frá líkamanum án þess að leggja neitt af mörkum til heildarinnar.

Við getum líka velt fyrir okkur olíunni, sem vegur þyngst í digrum ríkissjóði okkar. Hvernig tókst okkur að næla í hana? Á sjötta áratugnum héldu norskir sérfræðingar því enn fram að engin von væri til þess að olía myndi finna í landgrunni okkar. En þegar erlend olíufyrirtæki sneru sér til norskra yfirvalda árið 1962 áttuðu menn sig á því að eitthvað væri í gerjun. Fram að því höfðu Norðmenn aðhyllst kenningar þjóðréttarspekingsins Hugos Grotius um að „hafið eigum við saman því það er svo markalaust að það getur ekki tilheyrt neinum“. Nú þótti tímabært að gefa út konunglega tilskipun um lögsögu þjóðarinnar yfir norska hluta landgrunnins. Ávinningurinn var gríðarlegur. Þegar ríkjum heims er raðað eftir landfræðilegri stærð er Noregur í um 60. sæti. Ef bætt er við hafsvæðunum sem Norðmenn hafa náð yfirráðum yfir eru bara ellefu lönd stærri en Noregur. Það merkilega er að þessi ótrúlega útpensla Noregs hefur aldrei staðið á stefnuskrá yfirvalda.

Þar sem ég sat undir rósviðartrénu í Afríkulandi þar sem hræðilegur sjúkdómsfaraldur geisaði spurði ég sjálfan mig hvort þetta hefði kennt Norðmönnum auðmýkt. Svarið var nei. Þvert á móti ræður óánægjan ríkjum. Og hræðslan. Við viljum hafa auðæfi okkar í friði. Við hátíðleg tækifæri ræðum við um samstöðu okkar með umheiminum og við verjum agnarögn af ofgnótt okkar í þróunaraðstoð, en reynum í raun að einangra okkur. Stefnan í málefnum innflytjenda er eitt skýrasta dæmið um þetta. Við erum tortryggin í garð útlendinga, sérstaklega ef þeir koma frá löndum utan hins vestræna heims. Þetta gerum við þrátt fyrir að búa í eyðilegu, nánast óbyggðu landi. Hvorki meira né minna en 96% flatarmáls Noregs eru óræktað land. Í Finnmörku einni, sem er gríðarstórt, nánast mannlaut landflæmi, væri hægt að koma fyrir litlu Evrópulandi með milljónum íbúa. Það mætti halda að Norðmenn vildu hafa land sitt áfram ósnert, eða láta það vera einkasvæði auðmanna. Við höfum sett ströng lög sem koma í veg fyrir innflutning fólks. Stefnan gagnvart flóttamönnum er líka hörð. Kannski höfum við auðgast of hratt. Kannski er það þess vegna sem við erum orðin svona lítt umburðarlynd, svona harkaleg í því að vísa fólki frá. Við höfum verið svo upptekin af því að standa vörð um eigin gæði að við höfum misst sjónar á kröfunni um mannúð og samstöðu með öðru fólki. Það liðu fimmtíu ár þar til Norðmenn höfðu tekið á móti jafn mörgum flóttamönnum og á sínum tíma flúðu úr landi til Svíþjóðar á þeim fimm árum sem seinni heimsstyrjöldin stóð yfir. Erum við svona gleymin? Af hverju skömmuðumst við okkar ekki á tíunda áratugnum þegar fulltrúi SP í málefnum flóttamanna fann sig knúinn til að benda á að það væri erfiðara að fá hæli í Noregi, heimalandi Nansens, en í flestum öðrum evrópskum löndum? Þarna liggur meginþverstæðan í Noregi: Mikið pláss en lítið hjartarými.

Meðan ég dvaldi í blásnaudu afrísku landi, sem barðist fyrir því að auka utanríkisviðskipti sín, undraðist ég oft hvernig Norðmenn létu eins og þeir væru sjálfum sér nógir. Þrátt fyrir að við eigum aðild að

varnarbandalagi og Sameinuðu þjóðunum virðumst við lítinn áhuga hafa á samstarfi sem felur í sér að gefa jafn mikið af sér og maður tekur á móti. Tvisvar höfum við hafnað aðild að samfélagi evrópskra ríkja. Við erum orðin svo forrík að við höfum efni á því að loka umheiminn úti. Það er ekki fjarri lagi að líta á tilhneiginguna til að einangra okkur sem hliðstæðu við hugsunarháttinn í teiknimyndasögunum um Ástrík. Gaulversku nágrannaættbálkarnir hafa beðið ósigur fyrir Rómverjum en „eitt lítið þorp veitir enn kröftuga mótspyrnu“ stendur í upphafi hvers heftis. Sömu orð mætti hafa um Norðmennina óbugandi sem byggja stærsta þorp heims. Eins og Gaulverjar Ástríks álitum við okkur ósigrandi, og olían er töfradrykkur okkar.

Rétt eins og Ástríkur verðum við þó öðru hverju að fara að heiman, út úr þorpinu og héraðinu, einfaldlega vegna þess að þar er ekki allt til alls. Jafnvel barn áttar sig á því. Ég man eftir fyrstu ferð minni til Svíþjóðar, til Strömstad, sem er skammt handan landamæranna. Gleðinni yfir því að koma á verslunarstað sem var fullur af varningi sem var ófáanlegur í Noregi. Töfraspil, fjarstýrðir hraðbátar, Skuggahringir, tyggigúmmí með himnesku bragði. Svo ekki sé nefnd fyrsta ferðin til Kaupmannahafnar, geðshræringin sem því fylgdi að ganga inn um hlið Tívolís og sjá skemmtigarð sem sló öllu við sem við höfðum áður séð. Þá þegar óskaði ég þess að ég væri ríkisborgari í Skandinavíu. Ástæðurnar eru að vísu aðrar nú, en það myndi ekki heyrast hljóð frá mér þó að landamærin milli Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur yrðu afnumin nú með einu pennastriki. Ég myndi ekki gráta það eitt augnablik að þurfa að segja á torgi í Naíróbí, Lagos eða Harare að ég væri skandinavískur frekar en norskur. Fyrir mér má gera Norðurlönd að einu ríki strax á morgun.

Fyrir okkur yrði það góð kennslustund í því að vera þátttakendur. Eitt af þekktustu myndskreiðunum frá Noregi er frá vetrarólympíuleikunum í Lillehammer árið 1994 þegar veröldin öll fylgdist með því á sjónvarpsskjánum þegar þúsundir Norðmanna röðuðu sér upp í kringum íþróttavellina veifandi norskum fánum og hringjandi kúabjöllum, hamingjusamir yfir því að vera kallaðir „bestu áhorfendur í heimi“. Séð utan úr himingeimnum lítur Noregur líklega út eins og 2000 km langur áhorfendapallur úr graníti, fullur af hægindastólum. Kannski er tilhneiging Norðmanna til að vera áhorfendur forsendan fyrir velgengni Stressle-stólsins, sem verið hefur ein best heppnaða útflutningsafurð landsins síðastliðinn áratug. Allt of margir Norðmenn lifa í þeirri trú að þeir taki þátt í heiminum með því að horfa á hann á sjónvarpsskjánum.

Þrátt fyrir seinni heimsstyrjöldina, og þrátt fyrir að við höfum nýlega sent herlið til átakasvæða, hefur okkur tekist að halda í eins konar hóp-sjálfsblekkingu um að hægt sé að standa utan við alþjóðlegan óróa. Varfærnar tilraunir okkar til að miðla friði líta nánast út eins og afsökun fyrir því að gera ekki meira. Við óttumst að framtíð okkar verði

Jan Kjerstad, handhafi bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2001, er einn af þekktustu nútímarithöfundum Noregs. Kjerstad fæddist í Osló árið 1953. Hann er með embættispróf í guðfræði frá Oslóarháskóla. Árið 1980 hóf hann rithöfundarferil sinn með útgáfu smásagnasafnsins „Hnötturinn snýst hljóðlega“ (Kloden drejer stille rundt). Síðan hafa bæst við nokkrar skáldsögur og ritgerðasöfn. Hann var um skeið ritstjóri Vinduet (Glugginn), bókmenntatímarits bókaútgáfunnar Norsk Gyldendal.

Jan Kjerstad dvaldi í Simbabve í tvö ár með konu sinni sem þar var við störf og fékk víðtæka innsýn í munnlega frásagnarhefð Afríkubúa. Orðið frásögn er lykilorð í verkum Jans Kjerstads. Úr guðfræðináminu þekkir hann vel allar frásagnir Gamla testamentisins. Hann sækir einnig innblástur í helsta söguljóð hindúismans, „Mahabharata“, og í „Þúsund og eina nótt“. Áhrifin frá síðastefnda verkinu má merkja af titli myndabókar sem hann gaf út 1995, „Hjá Sheherasad, drottningu ímyndunarafslins“.

Líf einstaklings er samsafn óteljandi frásagna. Að álitum Jan Kjerstads er ómögulegt að skrifa eina ævisögu sem tekur til allra þátta í lífshlaupi einstaklings. Þriggja binda verk hans um Jonas Wergeland er dæmi um þessa hugsun. Það eru þrjár mismunandi útgáfur af sömu ævisögu sem leggjast hver ofan á aðra, þvert á alla tímaröð, samfellu og orsakasamhengi.

eyðilögð með aðild að evrópsku bandalagi. Við sjáum ekki að örlög okkar ráðast hvort sem er af öflum utan Noregs. Af því sem kallað er alþjóðavæðing. Stórpólitískum ákvörðunum, alþjóðasamsteypum, umhverfisvandamálum jarðarinnar, hryðjuverkum, efnahagssveiflum, HIV- og SARS-faröldrúnum, fólksflutningum, stríðum. Norðmenn berjast með kjafti og klóm gegn því að verða Evrópuborgarar, en sjá ekki að þeir eru löngu orðnir heimsborgarar. Það verður því að vona að Norðmenn breytist úr ómeðvituðum heimsborgurum á áhorfendapalli í meðvitaða heimsborgara á leikvanginum sjálfum. Ég er ekki stuðningsmaður Evrópusambandsins í núverandi mynd ofvaxins skrifræðisbákns sem skortir almennan stuðning í aðildarlöndunum, en ég myndi klappa Norðmönnum lof í lófa ef þeir tækju þá afstöðu til aðildar í framtíðinni að þeir væru tilbúnir að fórna bæði hluta af sjálfsforræði sínu og auði ef hún væri jákvæð fyrir þróun Evrópu og heimsins.

Ég ímynda mér líka að Norðurlönd hafi ýmislegt fram að færa á evrópskum vettvangi, og enn frekar á alþjóðavettvangi. Margir tala um að lýðræðið eigi undir högg að sækja og að það vanti hugmyndafræði til mótvægis við frjáls- og markaðshyggju. Í stað þess að segja að jafnaðarmennska á skandinavíska vísu hafi sungið sitt síðasta mætti reyna að þróa hana frekar, móta pólitískar og efnahagslegar lausnir sem smám saman og í sátt við vistkerfið gætu leitt til aukins jafnaðar og réttlátari skiptingar þeirra gæða sem heimurinn hefur upp á að bjóða.

Ef Noregur tæki þátt í slíku samstarfi gæti það líka ýtt undir sköpunarkraft Norðmanna, hæfileikann til að hefja atvinnustarfsemi sem við gætum haft okkur til framfærslu við hlið olíunnar. Það skortir kannski lýðræði í öðrum heimshlutum, en í Noregi skortir sköpunarkraft. Meginverkefnið sem þarf að takast á við nú er að breyta Norðmönnum úr sífrandi þjóð í skapandi. Menntastig er hátt í norrænu ríkjunum. Noregur gæti unnið með þeim, til dæmis að líftæknirannsóknnum í því skyni að búa til nýjar framleiðsluvörur og að nýsköpun í þjónustu, ekki síst hugbúnaðarlausnum fyrir netverkin sem tengja saman heiminn og verða æ mikilvægari.

Ég ætla að enda á sama stað og ég byrjaði, undir rósviðartré í suðurhluta Afríku, þar sem meira að segja er skortur á pappír í skólunum. Þegar ég átti heima þar byrjaði ég að skrifa um Norðmenn sem eru svo þekktir að nöfnin eru orðin hluti af alþjóðlegum orðaforða. Ibsen, Hamsun, Grieg, Munch. Sköpunarkraftur og verk þeirra njóta viðurkenningar. Slíkir listamenn hafa alltaf verið meðvitaðir um stöðu sína þvert á landamæri, þeir hafa verið heimsborgarar. Við Eidsbugarden í Jötunheimum, í miðju norskasta héraði Noregs, í ríki Péturs Gauts, stendur minnismerki um rithöfundinn Aasmund Olavsson Vinje. Í fyrsta erindi kvæðisins „Þjóðerni“ færir hann í orð hugsun sem aldrei hefur átt betur við en nú: „Æðst finnst oss að hnýta í hjarta sér / og huga við Noreg band. / Þótt tryggðin sé mest við torfuna hér / má ei tynast né gleymast að heimurinn er / allur vort fangvíða föðurland.“



Vanahugsun og draumsýn

I.

Fyrir mörgum árum fór ég frá landinu þar sem ég fæddist og óx úr grasi vegna þess að mér fannst tóm fiðl í kringum mig.

Þessa setningu hefði ég á þeim tíma líklega tæpast verið fær um að hugsa, og þótt svo hefði verið hefði ég ekki undir neinum kringumstæðum fest hana á blað. Uppeldi mitt hafði búið mig virkri sjálfsgagnrýni. Einmitt þess vegna finnst mér setningin hæfa vel sem upphafsorð.

Enda talaði ég sjálfur tungumál fiðlanna. Ég verð raunar að viðurkenna að ég talaði það ekki einungis heldur er það líka um seinan að breyta því. Ég get ekki skipt um tungumál. Hins vegar get ég gagnrýnt það því ég þekki það innan frá þrátt fyrir allt.

Á heimspekilegum grunni mætti ef til vill halda því fram að það hljóti að vera Guð sem hefur skapað mál fiðlanna, annars hefði Guð alls ekki verið þar að finna. Því varla rúmast hann annars staðar.

Þannig kemst ég að orði núna en ég hlýt að hafa haft sama skilning mjög snemma á lífsleiðinni því mér fannst fullorðna fólkið segja ósatt þegar það talaði um Guð. Eða þá að það væri að reyna að telja mér trú um eitthvað sem gat ekki verið að það tryði sjálft. Því meira sem það lagði sig fram, þeim mun kergjulegar þrjóskaðist ég við. Í laumi, gæti ég bætt við, því ég vissi að það væri til einskis að láta efasemdir mínar í ljósi. Það mundi bara herða hina fullorðnu í viðleitni sinni.

Nú gæti einhvern ef til vill langað til að spyrja: „Hvernig gat lítið barn hugsað svona ígrundað og rökrétt?“

Því er til að svara að það gat það vegna þess að það hafði ekki enn tileinkað sér mál fiðlanna. Að minnsta kosti ekki í þeim mæli að það hefði bitnað á vitsmunum þess. Allir sem muna fyrstu bernskuár sín vita hversu rökrétt lítil börn hugsa og hversu erfitt er að gabba þau. Það er ekki fyrr en búið er að eyðileggja heila þeirra með orðaveirum á borð við „Vor Guð er borg á bjargi traust“ eða „Drottinn er minn hirðir“ o.s.frv. sem hægt er að fá þau til að taka alls konar ósköp gild.

Ég átti líka pabba (eða „föður“) og vissi þess vegna að feður voru óralangt frá því að vera fullkomnir. Þannig að orðin „Faðir vor, þú sem

ert á himnum“ hljómuðu heldur heimskulega í mínum eyrum. Ég gat ekki fallist á að sá sem hafði skapað allt í heimi, jörðina alla, höfin og stjörnuhimininn, væri faðir. Og vegna þess að Jesús lét einmitt að því liggja að hann væri sonur þessa sama óhugsandi föður fór ég líka að skynja hann sem skritinn ruglukoll. Sýn mín á píslarsöguna var nokkurn veginn sambærileg við það sem Monty Python lét seinna í ljósi í myndinni *Life of Brian*.

Ég veit vel að einhverjum mun finnast þessar athugasemdir ögrandi. Það er ekki ætlun mín að ögra einum eða neinum heldur að leggja skynseminni lið. Eins og staðan í heimsmálunum er núna finnst mér það brýn nauðsyn.

Til öryggis vil ég bæta því við að þó að virðing mín fyrir trúarbrögðum sé afar fyrirferðarlítill virði ég tilfinningar fólks og þar með einnig þær sem tengjast trú.

2.

Í hléi sem ég gerði á ritun þessara hugleiðinga settist ég inn á kaffihús og ígrundaði hvort ég hefði ekki valið alrangan formála að umfjöllun um efnið Norðurlönd og Evrópusambandið. Svólítið annars hugar opnaði ég dagblað sem lá á borðinu á kaffihúsinu og kom þá auga á grein sem sagði frá því að nú væru sterk öfl í ESB sem vildu að Guð hlyti sess í nýja stjórnarskrársáttmálanum sem verið er að undirbúa.

Jesús, María mey og heilagur andi eiga þá væntanlega líka að vera með. Fær fjandinn líka sinn stað, eða hvað? Þar mætti kannski hafa Ameríkana með í ráðum því þeir virðast nokkuð djöflahneigðari en Evrópubúar. Líklega er það heldur ekki algjör tilviljun að Bandaríkin hafa verið kölluð „Hinn mikli Satan“.

Í sömu grein kom reyndar fram að fulltrúi frá Vatikaninu væri þeirrar skoðunar að Hinn mikli faðir ætti endilega að vera meðlimur í ESB til þess að komast hjá styrjöldum í framtíðinni. Honum virtist algjörlega hafa sést yfir þá staðreynd að í meira en 1000 ár var megnið af styrjöldum heimsins háð í nafni þessa sama föður.

Eftir setuna á kaffihúsinu sný ég því með góðri samvisku aftur til atviks úr æsku minni:

Í tíma í „Bíblíusögum“, eins og það var kallað í þá daga, spurði kennarinn mig:

„Hvað sagði Jesús við þá skriflærðu í musterinu?“

Auðvitað hafði ég ekki hugmynd um það. Maðurinn var ekki aðeins þekktur fyrir ríka trúarsannfæringu sína heldur líka fyrir skyldurækni þegar kom að beitingu líkamlegra refsinga, blanda sem þá var ekki óalgeng í grunnskólum. Svo ég hugsaði mig afar vandlega um og sagði síðan alveg sannleikanum samkvæmt:

„Það er ekki vitað. Því það er mjög langt síðan og enginn þeirra sem voru viðstaddir þá er á lífi núna.“

Danska ljóðskáldið Henrik Nordbrandt (f. 1945) hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2000 fyrir ljóðabókina *Draumabrýr* (*Drömmebroer*). Fyrsta bók hans, *Ljóð* (*Digte*), kom út árið 1966. Á fáeinum árum próaði hann með sér ljóðmál sem er alfarið hans eigið. Hann hefur hrifist af jafnt bandarískri, evrópskri sem norrænni ljóðlist, meðal annars verkum T.S. Eliot og Gunnars Ekelöf. Ljóð hans geta verið bæði táknræn og táknsöguleg.

Skömmu eftir að fyrsta bók Henriks Nordbrandt kom út flutti hann til útlanda og hefur búið langdvölum í Grikklandi, á Spáni og í Tyrklandi. Flestar af rúmlega tuttugu ljóðabókum sínum hefur hann skrifað við birtu Miðjarðarhafsins með sínum klassísku skörpu dráttum – og með nútímalegri, næstum eirðarlausri, tilfinningu fyrir vanmætti og hverfuleika persónuleikans.

Auk ljóðabókanna hefur Henrik Nordbrandt skrifað tvö ritgerðasöfn, tvær barnabækur, glæpasögu, matreiðslubók og dagbók. Útgefandi hans í Danmörku er Gyldendal en verk hans hafa verið þýdd á norræn og mörg önnur evrópsk tungumál.

Ég fékk dúndrandi löðrung fyrir vikið og var vísað út úr tíma. Það síðara var fyllilega löðrungsins virði.

En þrátt fyrir það var mér misboðið. Á sama hátt og mér væri misboðið núna ef reynt væri að þvinga mig til að lifa eftir reglum sem hirðingjar í Miðausturlöndum töldu fyrir þúsundum ára að faðirinn mikli á himnum hefði sett þeim. Það er undarleg og ömurleg staðreynd að stór hluti leiðtoga heimsins reynir að réttlæta gjörðir sínar með tilvísunum til vilja þessa sama himneska föður.

Sama fólk og gengur um göturnar og talar hvert við annað gegnum gervihnetti og horfir á myndir í sjónvarpinu af fjarlægum himintunglum sem eru sendar til jarðar úr manngerðum geimflugum trúir á heimsmynd sem gerð var í fornöld. Hefðbundin vanahugsun er greinilega skynseminni yfirsterkari.

Trúarbrögð eru vandamál sem er tiltölulega lítill gaumur gefinn. Athyglin sem beinst hefur að íslam á seinni árum hefur einungis fært vandann um set án þess að reyna að komast að rótum hans. Trúarbrögð staðhæfa að þau búi yfir vitneskju um æðri máttarvöld sem engin manneskja nokkurn tíma frá árdaga til dagsins í dag hefur getað sannað að séu til. Ríki sem fellir ákvæði um slíkt inn í stjórnskipan sína mun, eftir því sem ég best fæ séð, óhjákvæmilega njörvast niður í dulrænu og því fela í sér meira eða minna hulda stigskiptingu. Þess vegna getur samfélag þar sem ekki eru algjör skil milli ríkis og trúarbragða aldrei orðið fyllilega lýðræðislegt.

3.

Það voru Norðurlöndin og staða þeirra eftir stækkun Evrópusambandsins sem átti að vera viðfangsefni þessa pistils. Þessi mikla áhersla sem ég hef kosið að leggja á persónulega reynslu mína stafar af því að hið persónulega fellur í þessu samhengi svo mjög að ákveðnum grundvallaratriðum.

Í mínum augum er Evrópusambandið með öllum sínum misfellum og göllum fögur draumsýn. Þess vegna skiptir miklu máli að sópa öllu gömlu ryki fram úr hornunum. En það er ekki alltaf sem eigendur hornanna koma sjálfir auga á rykið. Ég tel sjálfum mér trú um að ég geti það vegna þess að ég hef verið svo lengi í burtu frá því. Þegar ég skrifa þetta endurlifi ég norrænan bakgrunn minn úr 30 ára fjarska og í þokufullu myrkrinu í nóvember verður rykið sjálflýsandi.

Skrautfléttur úr greni hafa verið hengdar upp úti á götu. Jólin nálgast. Og eftir að hafa hatað þá hátíð í heilan mannsaldur held ég að ég sé loksins farinn að láta mér hana vel líka, ekki endilega sem hátíðahöld í tilefni af fæðingu Jesú, heldur sem norræna vetrarhátíð, það má kalla hana heiðna ef vill. Ég ætla að taka þátt í henni, sættast við hana, láta myrkið soga mig að sér og horfa á nýja birtu rjúfa það.

Þessa dagana geng ég um götur Kaupmannahafnar og stend sjálfan mig aftur og aftur að því að gleðjast yfir ljómandi jólaskeytingunum. Ég veit mætavel að þær eru merki um gróðahyggju sem ég þoli ekki. Og uppspennta innkaupaæðið eins og það leggur sig er fremur fráhrindandi. En hvað öll ljósini eru samt dásamleg! Og hvað það væri dapurlegt án þeirra!

Fæstir danskir sálmar höfða til mín á nokkurn hátt. Mjög margir þeirra fylla mig nokkru sem ég get því miður ekki lýst nema sem viðbjóði, en stöku jólasálma fellur mér í rauninni vel við. Með tímanum hefur mér tekist að hafa kristið innihald þeirra að engu og skynja þá svona eins og nokkurs konar lofsöngva seiðmanna til myrkursins, endaloka ársins og endurreisnar birtunnar.

En vegna þess að jólin eru líka tími sátta vil ég biðja þá geðþekku guðfræðinga sem ég hef hitt í áranna rás að fyrirgefa mér hvassyrði mín um trúarbrögðin. Og síðan getum við vel tekið saman undir sálminn „Hin fegursta rósini er fundin“.

4.

Fólk með íþróttadellu mun ég aftur á móti eiga rétt á að hata áfram heils hugar. Þegar ég var neyddur til að spila fótbolta í skóla vakti ég athygli á því að þetta væri ljótur og ofbeldisfullur leikur. Það eitt að sparka er tjáning á ofbeldi. Mótmæli mín voru ekki bara virt að vettugi, þau urðu líka til þess að ég var lagður í einelti. Frá því ég man fyrst eftir mér hefur mér fundist að íþróttir og stríð séu tvær hliðar á sama máli og að hvorugt gæti verið til án hins. Það var ekki fyrr en nýverið að ég komst að því að þetta álit mitt var ekki eins frumlegt og ég hélt sjálfur. Forn-Grikkir litu á íþróttir sem undirbúning og nám í stríðsrekstri.

Ófáum sinnum hefur legið við að ég kæmist í alvarleg vandræði þegar ég hef viðrað skoðanir mínar á íþróttum almennt og sérílagi fótbolta. Síðast var það í Ístanbúl fyrir mánuði þegar ég var spurður með hverjum ég héldi og svaraði að mér væri ómögulegt að halda með fíflahópi, hvort sem hann væri í rauðum peysum eða bláum. Nokkrum dögum eftir að ég fór burt jöfnuðu sjálfsmorðssprengjur hverfið sem ég bjó í við jörðu. Ég gat ekki annað en hugsað til þess hversu mjög áhorfendur á fótboltaleik minna á þá ofstækisfullu brjálæðinga sem sprengja sjálfa sig og samborgara sína í loft upp. Þetta efni er svo viðkvæmt að manni ber að stilla sig um að tjá sig um það opinberlega.

„Við unnum!“ æpir fólk hvert framan í annað þótt það hafi sjálft aðeins verið áhorfendur og ekki á nokkurn hátt tekið þátt í leiknum sem var reyndar algjörlega tilgangslaus í sjálfum sér. En bendi maður fólk á það fáránlega í aðstæðunum er maður álitinn fífl sjálfur eða verður fyrir líkamlegu ofbeldi ef allt fer á versta veg.

5.

Bandaríski sagnfræðingurinn og rithöfundurinn Barbara W. Tuchman lýsir í bók sinni *The March of Folly* eða *Framrás glópskunnar* fjórum tímabilum í mannkynsögunni þar sem maðurinn hefur hagað sér einstaklega heimskulega. Það gerir hún, held ég, vegna þess að þrátt fyrir svartsýnina elur hún með sér veika von um að hægt sé að læra af sögunni.

Þegar ég horfi á mína eigin kynslóð veit ég ekki hve mikið hún hefur lært af sögu sinni. Hún hefur snúist frá fátækt til ríkidæmis, frá Bandaríkjahollustu til andamerísku, frá trúrækni til efnishyggju, frá byltingarromantík til alræðisstefnu. En ég er vísast ekki rétti maðurinn til að dæma hana því mér hefur aldrei almennilega fundist ég tilheyra henni. Þegar námsmenn, sem höfðu allt fram á árið 1967 setið í fyrirlestrasölum og gleypt þegjandi við öllu sem prófessorar þeirra sögðu, jafnvel þótt það væri skelfilegt, stukku svo næsta ár vígreifir fram allir sem einn og fóru að væla í kór hafði ég fengið nóg. Ekki vegna þess að ég væri ekki sammála þeim, það var ég að langflestu leyti, heldur vegna þess að ég fann fyrir svo mörgum fölskum tónum í kórnum.

Ég fór burt. Ég var búinn að fá nóg af fiðlum og hugarfarinu sem sagði: „Við unnum“ og „við höfum á réttu að standa“. Nú gátu þau tekið sinn Föður og Son og Grundtvig hans og hjólreiðakappana sína og fótboltann sinn og djassinn sinn og lúðrasveitirnar og Elvis og Beatles og Rolling Stones og jesúhippa og búddistahasshausa og frönsku tilvistarstefnuna og Marx og Maó og hrært vel í, og þá kæmi örugglega í ljós að þau fengju einmitt þessa flatneskjulegu dönsku lifrarkæfu sem var í rauninni það eina sem þau lifðu fyrir!

Nokkurn veginn svona hugsaði ég þótt ég hafi sjálfsagt notað önnur orð, ef ég hugsaði þá í orðum.

Það liðu mörg ár þangað til það rann upp fyrir mér að ég hafði brugðist svona við vegna þess að ég hafði sjálfur hugsað á máli fiðlanna eða að minnsta kosti breytt á forsendum þeirra. Í stað þess að greina rökrétt það sem hafði þjakað mig alla æskuna og gera eitthvað uppbyggilegt til þess að breyta því hjópst ég á brott. Ég lét óbeit mína reka mig á flóttu frá veruleikanum. Ég hafði þrástarað svo á galla míns eigin lands að ég skynjaði fyrirbæri eins og trúarbrögð og íþróttir sem sérdönsk. Það stafaði að einhverju leyti af því að ég var ekki enn farinn að skoða mikið af heiminum. Að koma til Grikklands í fyrsta sinn var mér eins og kraftaverk, lausn frá öllu þessu norræna. Grugguga myrkrinu þar sem ég sá fyrir hugskotssjónum presta og knattspyrnumenn skríða um eins og hvíta maðka. Og hefði ég ekki farið hefði ég ef til vill haldið áfram að ala þessa ranghugmynd með mér og blessunarlega gleymt því að í æsku og snemma á unglingsárum hafði ég einmitt lagt rækt við hið norræna, Astrid Lindgren, Selmu Lagerlöf, Knut Hamsun, Johannes V. Jensen og jafnvel Thit, systur hans, og

heildarverk Palle Laring um sögu Danmerkur. Svo ég nefni bara nokkur nöfn af handahófi.

6.

Ég lærði kínversku og gleymdi henni. Síðan tyrknesku og arabísku sem ég hélt áfram með. Ég stafaði mig í gegnum Kóraninn á arabísku. Með öndina í hálsinum, svo að segja. Formlega séð hlýtur sú bók að vera eitt af helstu meistaraverkum veraldar þó að í því sé að finna svo grimmliga kafla að jafnvel múslimar vilja helst ekki vita af þeim. (Það hefur Salman Rushdie meðal annarra mátt sannreyna.)

„Þeir sem heyja stríð gegn Allah og Sendiboða Hans og kynda undir óöld í landinu skulu að launum af lífi teknir, krossfestir eða handhöggðir og fóthöggðir sitt hvoru megin, ellegar reknir úr landi. Það skal þeim til smána verða í þessu lífi og baka þeim þunga refsingu í hinu næsta.“ (5/33)

„Þeim sem rengja opinberanir vorar munum Vér í Eldinn varpa. Jafnskjótt og húð þeirra er brunnin færur Vér þá í nýja húð, svo að þeir megi kenna refsingarinnar. Sjá, máttugur er Allah og vitur.“ (4/56)

Þannig komst ég að því að það voru ekki einungis ég og samborgarar mínir sem töluðu mál fíflanna. Það var alþjóðlegt eða „ummyndað“ eins og það heitir í málmyndunarfræði Noams Chomsky.

Árið 1972 þegar þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin um inngöngu Dana í Evrópubandalagið kaus ég með henni, vinstrisinnuðum vinum mínum til hneykslunar. Í ljósi þess sem ég hef skrifað hér liggur líklega í augum uppi hvers vegna ég var fylgismaður bandalagsins. Mér fannst Danmörk lítill innilokaður klefi. Mig langaði í stórt hús sem helst átti að vera eitt risastórt herbergi.

Nú veit ég að í húsi eiga að vera mörg herbergi, bæði lítil og stór. Sérherbergi og samt þannig úr garði gerð að úr hverju þeirra sé aðgangur að öllum hinum.



JA
TIL
NORDEN

NEJ
TIL
EF-UNIONEN

Miðjan hvíli undir iljum þínum

Eitt regnþungt síðdegi,
á skipi úr víðförlum draumi,
kom sagnaþulurinn Hómer til Reykjavíkur.
Hann gekk frá hafnarbakkanum
og tók leigubíl sem ók með hann
eftir regngráum götum
þar sem dapurleg hús liðu hjá.

Við gatnamót sneri sagnaþulurinn Hómer
sér að bílstjóranum og sagði:
„Hvernig er hægt að ímynda sér
að hér í þessu regngráa
tilbreytingarleysi búi söguþjóð?“
„Það er einmitt ástæðan,“ svaraði bílstjórinn,
„aldrei langar mann jafn mikið
að heyra góða sögu og þegar droparnir
lemja rúðurnar.“

...

Í *Guðsgjafabölu* eftir Halldór Laxness segir bolsévikinn við sögumann:
„Hvílík eynd að vera smáþjóðarmaður, segir Engels á einum stað, mig
minnir í bréfi frá London. Til að mynda hitti ég um daginn Íslending
og sagði hann mér að unaðslegustu æskuminningar sínar væru
bundnar lyktinni af úldnum grút í fjörunni og maurétnum þorsk-
hausum sem lágu til þurrks upp á gördum.“

Íslendingar geta hrósað happi yfir að hafa ekki þurft að reisa minnis-
varða af Þjóðverjanum Friedrich Engels innan um maurétna þorsk-
hausu og úldinn grút í fjöru hins brimkalda lífs og mætti nefna fleiri
sendingar frá Þjóðverjum og öðrum völdugum þjóðum sem gott hefur
verið að vera án.

Á hinn bóginn fer ekki á milli mála að ein af rótum íslenskrar sjálfstæðisbaráttu er að finna í rómantíkinni þýsku. Þau íslensku skáld sem að mörgu leyti lögðu grunninn að sjálfsvitund þjóðarinnar á nítjándu öld voru undir sterkum áhrifum frá Heinrich Heine og öðrum þýskum skáldum.

Það er ekki aumt að vera mótaður af rómantískum skáldum sem líka áttu sinn þátt í að endurreisa tungumálið. Þau bjuggu til ný orð um himintunglin og stjörnurnar. Félagsskapur þeirra hét Fjölur, en svo heitir íþróttafélagið í hverfinu þar sem ég bý. Það er ungt félag, enda hverfið frekar nýtt.

...

„Ég er afkomandi hraustra, bláeygra víkinga. Ég á ætt að telja til hirðskálda og sigursælla konunga. Ég er Íslendingur. Nafn mitt er Tómas Jónsson. Ég er gamall.

nei nei“

Þannig hefst skáldsagan *Tómas Jónsson Metsölubók* eftir Guðberg Bergsson, en sú bók telst eitt af tímamótaverkum íslenskra nútímabókmennta.

Tómas Jónsson er ellíær skrifstofumaður sem rifjar upp ævi sína. Einhverju sinni er hann að útbúa vegabréf í huga sér og skráir í reitinn fyrir starfsheiti: playboy. Tómas bregður sér í allra kvikinda líki, oftast í huganum.

Nú er það svo að allar þjóðir velta því fyrir sér hverjar þær eru og horfa á heiminn af þeim hólum sem þær sjálfar standa á. Ég var eitt sinn að lesa úr verkum mínum í Englandi, nánar tiltekið á bókmenntahátíð í borginni Cheltenham.

Þegar upplestri lauk og umræður hófust sagði ein konan í salnum: „You seem to have a very English sense of humor.“

Konan var að hrósa mér, en orð hennar eru líka til marks um það hvernig hrokinn er stundum vaxinn inn í tungumálið, þegar hin fornu stórveldi telja jafnvel kímigáfuna séreign sína.

Þannig hefur sagan prentast inn í huga þeirra, en líklega er þó hlegið í öllum löndum og oft að mjög svipuðum hlutum.

Lítill strákur sá fána í hálfu stöng. Hann spurði pabba sinn af hverju fáninn væri svona. Pabbi hans sagði að það væri af því að einhver hefði dáíð.

„Nú, hann hefur þá ekki náð að hífa hann alla leið,“ sagði strákurinn.

...

Ég: Óli hefurðu tekið eftir því hvað dúfurnar eru með litla hausa? Heldurðu að þær séu ekki með neinn heila?



Óli: Nei þær eru með vængi. Til hvers ættu þær að vera með heila?

Ég: Meinarðu að það sé betra að vera með vængi en heila?

Óli: Ég held að það væri best að vera með vængi á heilanum.

Þetta eru samræður tveggja drengja úr skáldsögu minni *Vængjasláttur í þakrennum*. Í fyrstu fundust mér þetta ósköp venjulegar samræður, en smám saman hafa þær orðið boðskapur minn.

Ég er með öðrum orðum að segja að við þurfum skáldskap í líf okkar. Við þurfum anda. Við þurfum flug. Vængi á heilann.

Nú tíminn býður upp á margvíslegar flóttaleiðir og því skiptir máli að finna þennan anda, þetta flug, vængina.

Eða kannski ekki að finna, heldur leita, stöðugt að leita ... Að leita að innihaldi í lífinu er innihald lífsins.

...

„Ég er afkomandi hraustra, bláeygra víkinga.“

Já kannski er lítill Tómas Jónsson í okkur öllum, eða að minnsta

kosti í mér, því í annað sinn var ég staddur í London og hafði meðferðis fyrstu skáldsögu mína Riddarar hringstigans í handriti á ensku.

Ég hringdi í útgefanda úr símaklefa við Leister Square og spurði hvort ég mætti ræða við hann um verk mín. Útgefandinn spurði mig fyrir hvað ég stæði. Ég sagði að það væri ný gerð af raunsæi, svonefnt ísbjarnarraunsæi. Hann bað mig koma rétt fyrir lokun.

Ég gaf mér góðan tíma til að finna aðsetur hans, fór síðan á næstu krá og hressti mig með hverfisbúum, en var mættur á umsömdum tíma.

Þegar ég heilsa útgefandanum og kynni mig segir hann: „Má ég spyrja, hví komið þér alla þessa leið með handrit yðar, af hverju hagnýtið þér yður ekki pósthjónustuna?“

Ég var svo hissa á spurningu mannsins að ég vissi ekki fyrr til en ég hafði sagt: „Forfeður mínir, víkingarnir, sigldu sólarhringum saman yfir hafíð, bara til að lesa eitt ljóð fyrir kónginn.“

...

Ekki tala um
stórar þjóðir og litlar þjóðir,
útkjálka, heimshorn og jaðra.
Þetta er hnöttur; miðjan
hvílir undir iljum þínum
og færast úr stað og eltir
þig hvert sem þú ferð.

En Íslendingar, hverjir erum við? Kóngar sem ekki vildu lúta neinum kóngi? Því viljum við sjálfir trúá. Einhver spaugari sagði mér að þegar fyrstu skattalögin voru kunngerð í Noregi þá flýðu allir sem kunnu að lesa til Íslands.

Almennt er þó álitíð að Íslendingar séu Norðmenn sem blandast hafi Írum. Hið norræna og keltneska rennur saman í sígildum bókmenntum Íslendinga. Sumarið 2003 var haldin keppni á Akranesi um það hver væri rauðhærðastur á Íslandi og fékk vinningshafinn flugmiða til Írlands.

En hljóta ekki 280.000 manns á eyju norður í höfum að vera sérvitringar, enda eru til kenningar sem segja að landnámsmennirnir sem fyrstir komu til Íslands hafi verið á leiðinni eitthvað allt annað en orðið strandaglópar.

Þeir munu hafa lagt skipum sínum og gengið á land en skipin voru horfin þegar þeir komu tilbaka. Þá voru engir flugvellir, ekkert Saga Class í tilverunni, en viðskiptafarrýmið hjá Flugleiðum er kennt við sögu. Landnám Íslands tók sextíu ár, en menn hefðu verið snöggir að þessu ef flugvélar hefðu komnar til sögunnar.

En af því að við erum eyjaskeggjar erum við á stöðugu flakki. Eyjabúinn horfir á hafíð og veltir fyrir sér ævintýrunum handan þess. En

Einar Már Guðmundsson (f. 1954) hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1995 fyrir skáldsöguna *Englar alheimsins*. Höfundur segir frá í 1. persónu og lýsir lífi geðsjúks manns allt frá tímanum fyrir fæðingu hans og þar til hann er látinn. Stílbrögð Einars eru dæmigerð fyrir það raunsæi sem rýfur mörk veruleikans og hafa gagnrýnendur oft líkt honum við suður-ameríska rithöfunda nútímans á borð við Gabriel Garcia Marquez. Þeir vitna til þess að sá veruleiki sem íslenski sagnaþulurinn birtir okkur sé bæði afar áþreifanlegur og töfrandi.

Einar Már Guðmundsson er á meðal þekktustu og mest þýddu yngri rithöfunda Íslands. Hann hóf rithöfunduferil sinn 1980-81 með þremur ljóðabókum, en það var fyrst með skáldsögunni *Riddarar hringstigans* (1982) sem hann festi sig verulega í sessi. Bókin var fyrsti hluti „Reykjavíkur-þrileiks“ sem lýsir lífinu í úthverfi út frá sálrænu, félagslegu og trúarlegu sjónarhorni. Innblástur sækir hann til svo ólíkra fyrirmynda sem Günters Grass og Williams Heinesen.

Nýjasta stórvirki Einars Má Guðmundssonar á sviði bókmenntanna er fjölbindaverk sem enn er ólokið. Skáldsögurnar fjalla um líf fátækrar íslenskrar fjölskyldu á 20. öld. Fyrsta bindið, *Fótspor á himnum*, kom út árið 1997, það nýjasta, *Nafnlausir vegir*, árið 2002. Allt bendir til að verkið verði í heild sinni það sem danska blaðið Politiken kallaði „norræna menningar-sögu lágstéttanna“.

Auk skáldsagnanna hefur Einar Már Guðmundsson skrifað ljóð, kvikmyndahandrit, smásögur og ritgerðir. Hann er jafnframt þekktur fyrir persónulegan upplestrarstíl.

Þegar hann er kominn burt uppgötvar hann að ævintýrin voru allan tímann í kringum hann. Þá snýr hann við en tekur áhrifin að utan með sér. Á þann hátt erum við Íslendingar alltaf í viðræðum við heiminn. Við erum við sjálf en lærum af öðrum.

Og kannski er heimurinn ekkert mikið stærri en við. Ég meina, það er hugsanlegt að það séu bara 280.000 manns í heiminum og hinir séu bara ljósrít af okkur, en að hér á klettaeynni sé eitt eintak af hverjum.

Með öðrum orðum: Þegar þjóðir eru fámennar skiptir hver einstaklingur miklu máli.

...

Oscar Wilde sagði að það hefði verið heppni norrænu víkinganna sem fundu Ameríku löngu á undan Kólumbusi að týna henni aftur.

Það er í raun alveg sama hvaða Íslending við tökum sem dæmi. Hann endar alltaf með einum eða öðrum hætti í fortíðinni: við hlið bláeygra víkinga, hirðskálda og konunga, einsog Tómas gamli Jónsson.

Þetta gerir okkur auðvitað dálítið rembingsleg með köflum, en losar okkur líka undan minnimáttarkennd af ýmsum toga. Við erum smáþjóð en lítum á okkur sem stórveldi. Það hefur verið sagt að aðrar þjóðir geti þakkað fyrir hve fámenn við erum. Á seinni hluta tuttugustu aldar háðum við tvö stríð um fiskimiðin við Breta og unnum þau bæði.

Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson var eitt sinn spurður að því á norrænni rithöfundaráðstefnu í frekar niðrandi tóni hve margir byggju í Reykjavík. Merkingin undir fyrirborði spurningarinnar var hvort eitt-hvað merkilegt gæti komið úr svo fámennum stað. Thor svaraði því til að í Reykjavík byggju álíka margir og í Flórens á tímum Dantes.

...

Ég hef heyrt því fleygt að söngkonan Björk hafi verið spurð að því á blaðamannafundi í Englandi eða Bandaríkjunum hverjir væru helstu persónuleikar í menningarlífi Norðurlanda. Hún mun hafa svarað að það væru Kárius og Baktus.

Eins var ég einu sinni vitni að því þegar annað íslenskt söngvaskáld, Megas, sat á spjalli við færeyskan kollega sinn. Sá færeyski segir við Megas að það sé mál manna í Þórshöfn að hann sé Megas Færeyja.

Þá segir Megas: „Já, ég hef líka heyrt að það sé einn í USA.“

...

Nei, ég er svo sem enginn sérfræðingur í því hvernig þjóðir lifa af, en það gera þær líklega alveg óháð öllum skýringum á því hvers vegna þær gera það. Það er auðvelt að reikna þjóðir út af landakortinu og útskýra þær burt.

Þjóðum er stundum raðað upp einsog lögum á vinsældalista og svokallaðar stórbjóðir gera tilkall til landa og auðlinda.

Nú myndu margir gáfaðir menn álykta sem svo, að fámennar þjóðir einsog Íslendingar, með dreifðar byggðir, eigi sér lítinn tilverurétt, nema sem verstöðvar og ferðamannastaðir fyrir sérvitringa.

En þannig er málum ekki háttað: Alþjóðavæðingin veitir þjóðum sem okkar aukna möguleika. Miðpunktarnir í veröldinni færast úr stað, hugvitið getur komið alls staðar frá. Arðbær samstarfsverkefni á milli þjóða færast stöðugt í aukana.

Hugvitið er öflugasta auðlind nútímans og hefur í þeim skilningi þurrkað burt margvísleg landamæri, gert þau með öllu óþörf. Alþjóðavæðingin hefur líka fætt af sér meðvitund um sérstöðu hins staðbundna. Það er einmitt í slíkri togsreitu sem miklar bókmenntir hafa oft orðið til. Að taka þátt í alþjóðavæðingunni án meðvitundar um hið staðbundna er einsog að búa á tunglinu.

Ungt fólk í dag gerir miklar kröfur. Ef staðurinn uppfyllir ekki óskir þess þá bara fer það. Það skiptir minna og minna máli hvar maður er. Þetta speglast í flutningi inn á þéttbýlissvæðin, en líka í flutningi á milli landa. Unga kynslóðin í dag er kynslóð heimsborgara.

Þessi staða gerir miklar kröfur til okkar. Við þurfum að halda uppi gæðum þess nútímalífs sem veitir ungu fólki möguleika á að taka þátt í framþróuninni, en líka að styrkja hið staðbundna ónæmiskerfi með þeim hætti að þetta sama unga fólk finni sín tengsl við umhverfið, já vilji, þegar til lengdar lætur, búa heima hjá sér.

Þess vegna skiptir hin menningarlega frjósemi máli, að sköpunarkrafturinn sé virkjaður. Við þurfum að vera raunsæ og framkvæma hið ómögulega. Eða með öðrum orðum: allt þarf að vera í stöðugri endurskoðun, ekkert má taka sem gefið.

Þegar við lesum gömlu rómantísku skáldin vitum við að þau hafa ekki gengið í gegnum sama heim og við, þau hafa ekki hlustað á rokktonlist, þau hafa ekki verið á netinu. En þannig þurfa tímarnir að kveðast á og ræða saman.

...

Í heiðni bjuggu guðirnir í Ásgarði, en Ásgarður var mitt inni í Miðgarði og þar áttu mennirnir heima. Þegar Miðgarði sleppti tók Útgarður við, hin villta náttúra, öræfi og klappir, og hún náði alveg heim að hafinu, en þar bjuggu jötnarnir, óvinir guðanna. Jötnarnir héldu því fram að þeir væru eldri en guðirnir og heimurinn því með réttu þeirra.

Ég ætla ekki að hætta mér út á hálan ís goðafræðinnar, en bendi á kenningar fræðimanna sem halda því fram að þessi heimsmynd heiðinnar svari til íslenska bóndabæjarins sem stendur einn úti í víðáttunni, í stöðugum átökum við óblíða veðráttu.

Öld fram af öld var Ísland landbúnaðarþjóðfélag og bændur eini

rótfasti þjóðfélagshópurinn þó að þeir hafi á síðustu árum verið í stöðugri útrýmingahættu.

Miðgarður, Útgarður, býlið og óbyggðin.

Í byrjun tuttugustu aldar voru sjávarþorpinn fulltrúi hins illkynjaða jötnaheims, sem herjaði á sveitirnar og ýtti við upplausn þeirra. Sjósóknin dró unga sveina frá Miðgarði til Útgarðs, þar sem spillingin þreifst í mótsögn við hið heilbrigða og menningarlega sveitalíf.

Eftir seinna stríð breytist þetta mynstur á þann veg að borgin og landsbyggðin verða fulltrúar þessara andstæðu heima, þó með öðrum hætti sé.

Náið samband okkar við fortíðina helgast ekki síst af því hve ung við erum sem sjálfstæð þjóð, já hve nýr nútíminn er hjá okkur.

Á Íslandi er engin þriggja alda iðnaðarsaga, engar „glæstar stéttir“ sem öldum saman hafa lífað við ríkidæmi og sálarflækjur. Sjúkdómar



sem herjað hafa á einangraðar yfirstéttir hafa helst tekið sér bólfestu í afskekktum fjörðum á Íslandi.

Okkar sögu svipar til sögu „þriðja heimsins“ að því leyti hve stór hluti hennar er saga nýlendu og vegna þess hve nútíminn hellist skyndilega yfir okkur og lendir í harkalegum árekstri við fortíðina en sameinast henni um leið.

Tvennir tímar, tveir heimar. Við höfum lifað tvenna tíma og búum í tveim heimum. Takist okkur að vinna úr þeim, hvíla í fangi fortíðarinnar og faðma um leið samtímann, má segja að allt sé „í haginn búið undir mikinn saungleik,“ einsog segir í Vefaranum mikla frá Kasmír, tímamótaverki Halldórs Laxness sem hann skrifaði rétt rúmlega tvítugur í bænnum Taormína á Sikiley.



Fjögur ljóð

I Myndin

Þessar hendur eru ekki til stórræða, segir mamma
og biður mig að sitja kyrr

Barnsfingur þína, segir mamma, barnsfingur þína
hvernig á ég að geta málað þá!

Ef þú ert sífellt á iði? Hvernig á maður að sjá
að þetta eru smáar barnshendur þínar?

Ég skoða myndina. Augnaráð mömmu. Augnaráð mitt.
Og þreyttar hálmhendur mína í kjöltunni: hringir, æðar.

II Innri trjágöngin

Ég á innri móður sem er í berkinum
innri móður í innri trjágöngunum

Hana þekkir enginn betur en ég
því hún er krónublað og rósrauð

Ég segi við hana: Ég hélt það værir þú
og hún hvíslar svarið að það var fagurt

Ég er með geitarost á borðinu, epli og stjörnufla
og bláar, bláar dyr sem önnur okkar verður að fara um.

III Mamma segir að það sé minning

Mamma segir að það sé minning
og ég geti fengið hana

Ég get fengið minningu hennar
og fest hana við mína, hún er með trosnaðar hliðar

Hún er engin grá tuska, hún er silki
og þú yfirgefur mig áreiðanlega ekki segir mamma

Það er til kraftaverk segir hún og ég segi
að ég skuli falda hálsklútinn svo hann verði heill

IV Guð lyftir þér ekki til sín

Hef ég skilið að æðarsláttur þinn, móðir?
Og hörund þitt og hjarta þitt?

Hef ég skilið að líkami þinn er ég?
Og aldrei skilinn eftir og borinn í heiminn?

og hnakki þinn í dauðateygjunum
og Guð lyftir þér ekki til sín

til algleymis síns heldur skilar þér
til þess sem er móðir þín í þér

og sem þú þráir og hrópar á
og við erum bjargarlaus börn þín



Sænska skáldkonan Eva Ström hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2003 fyrir ljóðabókina *Revbensstäðerna* (Rifjaborgirnar). Eva Ström er fædd árið 1947 á Lidingö í Stokkhólmi og býr nú í Kristianstad. Fyrsta bók skáldkonunnar, ljóðabókin

Den brinnande zeppelinaren (Loftskipið í logum), kom út árið 1977. Hún starfaði síðan sem læknir í tvö ár en helgar sig nú ritstörfum. Eva Ström semur ljóð, skáldsögur og leikrit. Af verkum hennar má nefna *Det mörka alfabetet* (Stafrófið myrka), *Kärleken till matematiken* (Ástin á stærðfræðinni), *Mats Ulfson* og *Brandenburg*.

Eva Ström er jafnframt bókmenntagagnrýnandi. Í lýsingu á verkum sínum skrifar Eva Ström um sjálfa sig í þriðju persónu. „Háskinn og tilurðin, viðkvæmnin og tortímingin, angistin og fegurðin eru nokkur af stefjum hennar, rétt eins og líffræðilegu lífsferlin (kynhvötin, frjósemin, öldrunin og dauðinn).“

Í ræðu sinni við móttöku bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2003 sagði Eva Ström: „Ég er þakklát fyrir öll þau mannlegu kynni sem ég bar úr bytum í sambandi við þessi verðlaun.“

Til einna var stofnað í Maríuhöfn á Álandseyjum. Þetta var aldraður maður sem settist á fremsta bekk þegar ég las þar úr verkum mínum. Á eftir gaf hann sig á tal við mig. – Ég barðist í stríðinu, sagði hann, ég er 82 ára og missti heyrnina á öðru eyra

vegna sprengjubrots. Svo hló hann og sagði að hefði brotið lent einum mm. nær væri hann dauður.

Það vill oft gleymast að við Norðurlandabúar eigum okkur líka dramatíska sögu. Reynslan af stríði og hernámsárum er eldri kynslóðinni í fersku minni í sumum landanna. Norðurlandaráð og framtak þess á borð við bókmennta-, umhverfis- og tónlistarverðlaun er friðar- og samstarfsverkefni. Með opnum landamærum og opnum huga getum við átt hlutdeild í menningu, tónlist og bókmenntum grannlanda okkar.

Ég sagði manningum í Maríuhöfn að kannski væri það hann en ekki ég sem hefði átt að verða rithöfundur, þar sem hann lumaði á alveg sérstakri og sögulegri frásögn. Á sama hátt eru margir hér á Norðurlöndum, ekki síst innflytjendur, sem búa yfir sögunni greyptri í eigin örlög.

Ég held að bókmenntirnar og ljóðlistin eigi rætur sínar einmitt þar – í eigin sögu. Ég held líka að þær byrji í mm. frá háskanum mikla, í vitneskjunni um að lífið er dýrmætt og afar viðkvæmt. Við skildum það þegar Svíar misstu utanríkisráðherra sinn, Önnu Lindh. Á móti getum við teft kenndinni um samstöðu og samhug sem er okkur Norðurlandabúum sjálfsgöð og eðlileg. Við búum yfir sameiginlegum menningararfi. Eins og gamli hermaðurinn í Maríuhöfn getum við brosað hvert við öðru, af gleði og þakklæti yfir friði og samkennd.“

Úr Skotgrafavegi

Eftir að konan hans er farin frá honum ákveður aðalpersóna skáldsögunnar, Matti, að kaupa hús. Hann gerir sér í hugarlund að það muni færa honum aftur eiginkonuna og dótturina Sini. Meðan þau bjuggu saman í íbúð dreymdi Helenu konu hans um að hún sjálf og fjölskyldan gætu notið sín í glæsilegu einbýlishúsi en Matti var ekki ýkja hrifinn af þeim draumi. „Gamli hermaðurinn“ á hús sem Matti vill gjarnan kaupa og hann er nýlega orðinn ekkjumaður. Nú hefur „Strákurinn“, sonur þeirra, auglýst húsið til sölu. Ólíkar persónur segja frá í skáldsöguköflunum.

...

Johnny Rotten er rotinn og hefur rangt fyrir sér. „Ég veit ekki hvað ég vil, en ég veit hvernig ég get fengið það.“ Svona söng í honum þegar ég og hann vorum ungir. Og ég tók undir.

Þannig var það ekki, heldur svona: Ég veit hvað ég vil, en ekki hvernig ég get fengið það.

Í alla nótt var ég að bera saman lánstilboð bankanna. Ég reiknaði út hvernig lífið ætti eftir að mótast af húsakaupaðæminu: Snyrtilega útlítandi hús á þessu svæði kringum 1,3 milljónir, kannski 700.000 mörk fyrir eigin íbúð, afgangurinn frá bankanum til eins langs tíma og mögulegt er.

Síðasta afborgun 14. júlí 2029.

Vextir og afborganir 7.900 mörk á mánuði. Plús viðhaldskostnaður hússins. Útborguð laun eftir skatta 9.800 mörk, öll hugsanleg auka- vinna meðtalin. Gróft reiknað: Þúsundkall á mánuði til að lifa af. 1000 mörk, 30 dagar, 33 mörk á dag.

Baunasúpa í dós. Grautur. Lifrabaka á síðasta söludegi. Aldrei ný flík, ekki einu sinni frolla þótt sú gamla líti út eins og tómur strókur ofan á hvirflinum og standi á henni Samvinnubanki Suður-Tavastlands. Spaghettí með tómatósu og meðlætið ódýrasti túnfiskur í olíu sem

fæst. Útrunnið brauð úr lágvöruverslun. Svart kaffi einu sinni á dag. Þykkara innlegg í strigaskóna fyrir veturinn. Bara vatn til að þvo sér um hárið úr eftir skokkið eða sjampó sem maður hefur með sér í litlum bauk úr sundhöllinni. Öll fót handa Sini á flóamarkaði. Ekkert framandi krydd úr sérverslunum, engin lambasteik. Sígarettarnar vafðar og bréfið í þær keypt í ferð til Tallinn af einhverjum vinnufélaganum. Engir farsímar á heimilinu. Engin rokkplata, ekki einu sinni notuð.

Þegar húsið er greitt að fullu yrði ég sjötíu og fjögurra, eins og pabbi núna.

Í hvern ætti ég að hringja þennan júlídag til þess að láta vita að nú væri allt klappað og klárt. Þá yrði Sini fjörutíu og fjögurra, gift og hefði sínu að sinna. Með hálfgerðum semingi mundi hún lyfta tólinu einhver staðar í Lojo og áreiðanlega bera einhverju við – það yngsta væri með eyrnabólgu, það ætti að fara að ferma það elsta – til að þurfa ekki að koma og sitja úti í garði hjá föðurmyndinni og hlusta á samhengislaust rausið í honum um góðæri og kreppu og hlutabréfavímuna út af Nokia, um árin þegar að þrengdi og hann var á miðjum aldri, maður þolir bara hreinlega ekki að hlusta á hann halda endalaust áfram þessum vaðli sínum, þið vitið ekkert um lífið, þið tókuð ekki þátt í að byggja upp það Finnland þar sem þið getið nú lifað í vellystingum praktuglega.

Sigldu bara þinn sjó, 14. júlí 2029. Ég yrði að komast yfir húsið einhvern veginn öðruvísi.

Ég samdi aðgerðaáætlun og pantaði viðtal við bankastjórnann. Ég útskýrði að ég væri að leita að ódýru húsi handa fjölskyldunni.

„Hvar eru þau til sölu?“

„Ég finn það. Mig vantar 300.000 marka viðbótarlán.“

„Nú skulum við ræða þetta í rólegheitum.“

„Kemur ekki til mála. Það er næstum búið að borga upp gömlu íbúðina. Fæ ég þessi þrjú hundruð þúsund?“

„Já, það bjargast allt saman. En þið tækjuð svolítið meira, ættuð þið um fleira að velja.“

„Síðast á níunda áratugnum jusuð þið peningum í alla sem á vegi ykkar urðu. Er nú kannski svo komið að lægri fjárhæðir þyki betur við hæfi? Hvenær verður þetta komið inn á reikninginn?“

„Nú, svoleiðis, já. Eruð þið búin að finna húsið?“

„Ég finn það. Fæ ég að borga það á fimmtán árum?“

„Já, það er í lagi. Þið eruð bæði í fastri vinnu, þú og konan þín. Eruð þið búin að setja gömlu íbúðina ykkar í sölu?“

„Ég sel hana á morgun. Hafið pappírana tilbúna. Ég kem aftur í næstu viku. Get ég fengið að fara á salernið?“

Hann benti á dyr til vinstri.

Ég beygði mig yfir vaskinn, þvoði mér í framan og gaut hornauga til mannsins í speglinum. Ég kannaðist við drættina. Ég fór aftur inn til bankastjórans, tók í höndina á honum og þrammaði út í vorbirtuna.

Kari Hotakainen, sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir „Skotgrafaveg“, hefur verið blaðamaður og unnið við auglýsingar. Hann fæddist 1957 í Bjarnaborg í Finnlandi og hefur verið búsettur í Helsingfors frá 1986. Með fyrstu bók sinni 1982 kynnti hann sig sem ljóðskáld. Eftir hann hafa komið út fimm ljóðasöfn. Frá 1991 hefur hann einkum einbeitt sér að óbundnu máli. Fyrsta skáldsaga hans var „Buster Keaton. Elemä ja teot“ (Buster Keaton. Ævi og verk) 1991. Kari Hotakainen gerðist rithöfundur að aðalstarfi 1996 og fékk Finlandia-verðlaunin fyrir „Skotgrafaveg“ 2002. Verk eftir hann hafa verið þýdd á þýsku, tékknesku, slóvakísku, eistnesku og ein bók á sænsku.

Húsakaup hans sjálfs urðu kveikjan að „Skotgrafavegi“:

„Einhverju sinni skoðaði ég 39 hús og hélt saman öllu efni úr öllum bæklingum sem afhentir voru. Það varð 15 sm hlaði. Öðru fremur eru það lýsingarorðin í þessum bæklingum sem eru hreinn skáldskapur, lygi, segir Hotakainen.“

Í ádeilu Hotakainens er lýst samfélagi þar sem andstæðingar tóbaksreykinga eru orðnir fasískir og einbýlishúsaeygndur virðast eyða allri orku sinni í grasflatirnar. Sjálfumgladdir neyta þeir sinna grilluðu kjúklingalæra og finnst allt ógna sér sem utan frá kemur og þeir hafa ekki kynnst áður. Matti Virtanen, aðalpersónan í skáldsögunni og hugsanlegur húsakaupandi, er einóður utangarðs- og hugsjónamaður, gestur í eigin samtíð. Með sjónauka dinglandi um hálsinn fer hann í einbýlishúsa-“safarí“ eins og hann væri á gresjunni. Nútíma smáborgarahugsunarháttur, sem er tilbreytingarlaus og ömurlegur í senn, er tekinn til skoðunar og afhjúpaður.

Á leiðinni heim varð ég að hvíla mig á garðbekk. Það hringnerist allt fyrir augunum á mér. Ég leit til lofts. Skýin þutu áfram eins og á hraðspólaðri filmu. Ég lokaði augunum andartak. Þegar ég opnaði þau aftur voru skýin á sínum stað.

Rétt eftir að ég var kominn heim í tveggja herbergja íbúðina ákvað ég að selja allt innbúið líka.

Ég hringdi í ýmsar búðir, renndi augum yfir Gulu síðurnar og fór svo langt niður með verðið að næstum allt sem metið varð til fjár var borið niður á fjórum klukkutímum. Helena hafði látið gömlu kerruna hennar Sini niður í kjallarageymslu og fyrir hana tókst mér að rýja sex hundruð mörk af alsælli frumbyrju. Náungi um fimmtugt, með tagl, borgaði tvö hundruð fyrir stykkið af vínýlplötum með sýrurrokki, sem voru löðrandi í vaxblettum. Fyrir stereó-græjurnar fékk ég bara þúsundkall. Tvenn kúrekastígvél höluðu inn hálf þriðja þúsund af því að markhópurinn var afturgreiddir uppgjafahíppar í leðurvestum. Ég lét hin fötin fara líka, skyrta fyrir tíu, buxur fyrir þrjú mörk, venjulega gönguskó fyrir hundruð. Gamla svarthvíta sjónvarpinu leit enginn við, skiptiborðið vildi ég ekki selja. Ég burðaðist niður í kjallara með sjónvarpið og fleygði því í rimlageymslu nágrannans.

Æfingagallann skildi ég eftir, svolítið af hnífapörum og leirtau, pott og steikarpönnu. Og tölvuna.

Fyrir alla lausamunina fékk ég samtals tólf þúsund. Ég vafði teygjunsúru fast utan um seðlabúntið og tróð því í innri vasann á æfingagallanum mínum. Ég setti auglýsingu í blaðið um að hentug tveggja herbergja íbúð nálægt Miðbæjargarðinum væri til sölu á góðu verði vegna brottflutnings til útlanda.

Barnlaust par kom að skoða íbúðina.

Ég fór í stuttu máli yfir það helsta sem að húsfélaginu sneri og sagði að auðvelt væri að komast af við nágrannana. Ég tók eftir því að parið átti ekki auðvelt með að einbeita sér og ákveða sig að mér nærstöddum.

Ég fór út á svalir að reykja.

Ég fann að höndin skalf og dælan hamaðist.

Tók púlsinn. 145.

Ég áttaði mig á því að sálin gerir nákvæmlega það sem hana lystir við líkamann. Skynsemin gerir um það samning við líkamann að nú seljum við íbúðina og kaupum svo einbýlishús og hringjum í Helenu og segjum henni að nú sé rétti tíminn til að koma heim. Sálin rífur þann samning í tætlur, hún kann ekki að skammast sín.

Ég teygði skjálfandi höndina í átt að öskubakkanum, drap í stubbnum og fór inn.

Parið var að mæla eitthvað í svefnherbergishorninu. Maðurinn sagði feimnislega að þau væru að mæla svolítið, eftir hálf ár yrðu þau orðin þrjú. Ég sat á mér og óskaði þeim til hamingju. Konan roðnaði og sagði í hrifningu sinni að íbúðin væri alveg mátuleg fyrir fjölskyldu eins og þeirra.

Þau buðu 670.000 mörk.

Ég pressaði kaupverðið upp í 687.000 mörk, svo miklu hærra verði skyldu þau þurfa að kaupa hamingju sína. Maðurinn sagði að þau þyrftu aðeins að hugsa sig um. Ég laug því til að annar kaupandi ætlaði að gera boð um hádegið. Ef of langur tími færi í vangaveltur gæti það endað með því að barnið sem þau áttu í vændum stigi fyrstu skrefin í mun dapurlegra umhverfi.

Parið bað um að fá að minnsta kosti svolitla stund til þess að hugsa sig um áður en það gerði lokaboð.

Ég gaf þeim hálf tíma. Á meðan ég beið fór ég út á blettinn þar sem rólán var. Ég virti fyrir mér húsið þar sem við höfðum átt heima í fimm ár. Á þeim tíma fæddist Sini. Nú hékk gamla góða rólán tóm. Ég minntist þess hve gaman Sini hafði þótt að róla.

Ró-laa. Ró-laa.

Margliti gallinn flaksandi, fætunnir stóðu sinn í hvora áttina, munnurinn galopin og hún skrikti og hrópaði, ég greip í keðjurnar, dró þær að mér og sleppti. Sini vildi fara hraðar, ég var hræddur um að hún rynnri úr sætinu og dytti á höfuðið. Sini skelli hló og vildi alltaf meira. Ég ýtti henni í rólunni í klukkutíma og þegar ég lyfti henni úr rólunni og tók hana í fangið sá ég á augunum í henni að jörðin gekk í bylgjum og andlitinu á pabba svifaði að og frá.

Ég tók viðbragð og leit á klukkuna. Ég hafði verið meira en hálf tíma úti.

Ég hljóp inn.

Parið féllst á kaupverðið. Við innsigliðum kaupin með handabandi. Maðurinn kyssti konuna, ég leit undan.

GAMLI HERMAÐURINN

Strákurinn er búinn að hringja í fasteignasölu. Þau vilja setja þetta í sölu og mig í þjónustuíbúð. Þau kippa sér upp við smámuni, það þarf ekki meira til en að maður hrasir tvisvar við póstkassann og dælan fari eitt-hvað að hósta, þá vilja þau undir eins koma manni í umsjá annarra. Nú er Marta farin, strákurinn heldur að ég geti ekki bjargað mér á eigin spýtur. Fótbrotið það arna má nú skrifa á reikning bæjarins. Þeir sandbera ekki almennilega.

Ég vef sjalínu hennar Mörtu um herðarnar og sest í kartöflustíuna í kjallaranum ef þau fara að sýna þetta. Ég má þó sitja í mínum eigin kjallara, hver ætti svo sem að koma í veg fyrir það? Ég fer ekkert af mínu eigin heimili. Forðum daga lagði ég á flótta undan Rússa bróður besta, ekki undan þeim.

Þegar ég horfði á eftir Mörtu í gröfina hugsaði ég undir eins sem svo að einn yrði ég ekki lengur í húsinu.

En svo þegar strákurinn hringdi og stakk upp á sölunni fór ég að hugsa: Flytja héðan, hvert?

Hér er allt á sínum stað. Okkur Mörtu kom saman um það þarna

fjörutíu og átta að best væri að hafa mýkri stólinn út við gluggann, með því að sitja þar sá maður út um hann hvort einhver var að koma. Og þetta er sama borðið, búið að mála það í fjórða sinn. Og hvert herbergi hefur sína sérstöku lykt.

Í hvert sinn sem strákurinn og konan hans eru hér fara þau að þefa og þefa niðri í kjallara eins og hann sé eitthvert pestarbæli. Þau eru af myglukynslóðinni, vilja ekki hafa neinn raka. Þó hann fylgi kjöllurum. Strákurinn hafði á orði að hann ætti að koma hingað með mælitæki til þess að taka af allan vafa í eitt skipti fyrir öll. Ég sagði að það yrði ekkert mælt í mínum kjallara, þar léti ég nefið nægja.

Ég kæri mig ekkert um að láta þetta af hendi. Þótt strákurinn segi að það sé nú eða aldrei, bráðum kæri sig enginn um það. Það á að koma einhver maður frá þessari fasteignasölu, fyrst átti að senda kvenmann. Eins gott að það fórst fyrir. Ég get varla horft á kvenmann lengur, það er svo margt sem manni dettur í hug þó ekki ætti svo að vera. Þegar maður getur heldur ekki neitt.

Í dag fer ég að gá í póstkassann og á krána. Við Reino förum og spilum póker í kassanum. Fyrir tókall. Meðan Marta var á lífi var það bara fimmkall. Jafnvel það fór í skapið á henni. Nema einu sinni, þegar við unnum hundradkall. Þá keypti ég tvo pakka af kaffi, hálf kíló smjör og nokkrar skinkusneiðar. Ég fór að skellihlæja þegar Marta spurði hvernig ætti að fara að því að spila og hvort kassinn væri rétt innan við dyrnar.

Þessi maður á að koma seinnipartinn, undir kvöld. Ef hann fer að hallmæla húsinu sel ég það sjálfur. Það var einu sinni einhver náungi í sjónvarpinu að tala um gömul hús og kallaði þau tímasprengjur. Og svona menn fá að lifa í landinu sem aðrir hættu lífinu til að berjast fyrir.

Ef þessi fugl hallmælir húsinu hendi ég honum út. Og það skal fjandakornið takast.

Strákurinn sagði að þeir krefðust þess kannski að fram færi ástandsskoðun. Annars þyrðu þeir ekki að taka að sér söluna.

Hér verður engin ástandsskoðun. Ég veit líklega best í hvernig ástandi húsið er. Fyrst fokreiðist maður og fer svo að rifja upp hvernig það var þegar verið var að byggja það. Hvernig allir hjálpuðust að við að steypa grunninn, meira að segja Reino var með. Þegar steypan var þornuð í sökklinum var farið að reisa grindina. Þegar einangrunin var komin í gólfín og búið að festa gólfklæðninguna, troða hefilspónunum í veggina og gluggarnir komnir á sinn stað var næstum eins og verkinu væri lokið. Það var sagt að við byggjum í fokheldu, en við létum okkur það í léttu rúmi liggja, þeir voru ekki margir sem klæddu strax að utan. Meira að segja reykháfurinn hefur staðið sig vel þó við værum nokkuð efins um það í fyrstu því ekki fékkst meiri brenndur múrsteinn en þurfti í ofnana. Ég steypiti sjálfur hleðslusteina úr steinsteypu í lánuðum mótum og gaf þeim nánar gætur meðan þeir voru að þorna. Hvert borð í þessu húsi festi ég sjálfur og rak hvern nagla og hverja bólu í

du ?



pappann. Hingað kemur enginn með mælitæki til þess að hafa í frammi einhverjar hundakúnstir niðri í kjallara.

Og ég get líka selt sjálfur ef allt ætlar í hnút. Jafnvel stráknum hans Reinos, hann kvað vera að leita sér að húsi. Eða þessum skokkara sem kom þarna móður og mäsandi eitt kvöldið. Greip andann á lofti og haldi húsinu. Spurði hvort það væri til sölu. Það er skrítið, þetta fólk nú á dögum, veður bara inn á annarra manna lóð og vill að þeir selji. Nú vinda menn ekki lengur húfuna sína vandræðalega milli handanna ef þeir þurfa að leita ásjár.

Konan stráksins sagði að kannski væri ómaksins vert að taka til áður en hann kæmi, þessi maður frá fasteignasölunni. Hverju mundi það nú breyta. Ég hef ekki hreyft við neinu frá því að Marta skildi við það. Sjalið hennar er meira að segja enn þarna á stólnum. Og kápan hennar á snaganum í forstofunni. Hún var á leiðinni út í kálgarð þegar hún hneig niður á forstofugólfíð þar sem hún lá. Ég reyndi að finna hvort hjartað slægi, stakk kodda undir höfuðið á henni og hringdi á sjúkrabíl. Þeir gátu ekkert gert.

Það er ekki víst að ég fari neitt. Ég get séð um mig sjálfur. Marta náði að kenna mér það sem mestu máli skipti, rétt eins og hana grunaði að hún ætti skammt eftir. Ég kann að sjóða fisk og kartöflur. Hvers þarfnast maður eins og ég umfram það? Gras ét ég ekki. Sætabrauðið kaupi ég í búðinni. Strákurinn og konan hans halda að ég deyi úr hungri. Þau eru alltaf að koma með bökur og súpur, en það er svo undarlegt krydd í öllu sem þau búa til, þau halda að saltið nægi ekki.

Ég bjarga mér líka með þvottavélina. Marta kenndi mér líka á hana. Og á hvaða hitastig ég á að stilla, sextíu eða níutíu. Ég þvæ nú svo sjaldan að það gerir sama gagn. Mörtnu fannst það ekki. Strákurinn og konan hans höfðu keypt handa henni silkináttkjól. Ég þvoði hann á níutíu, það gat enginn maður lesið þetta örsmáa letur á þvottamiðanum í hálsmálinu. Þvílíkt uppistand. Ég varð að gera mér upp erindi út á hlað bakdyramegin, því að ósköpin ætluðu að æra mig. Nú er flíkin hjá stelpunni stráksins.

Maður ætti alls ekki að vera að hugsa um þetta allt saman, manni vöknar um augu. Ef Marta væri nú bara komin aftur. Og allt þrasið um hitastig í þvotti og pókerspil í spilakassa.

Já, ef svo væri nú.

En hún er ekki hér.

Heldur þarna einhvers staðar.

En á himnum er hún ekki.

Þótt presturinn fullyrti það.

Ég vildi ekki andmæla, ekki við slíkt tækifæri. En innst inni held ég að það sé ekkert himnaríki til. Og enginn guð. Ef hann væri til, þá hefði hann komið okkur strákunum til bjargar í stórskotaliðshríðinni. Ég hrópaði einu sinni á hann, en hann svaraði aldrei, og fótur félagans kom bara fljúgandi í boga og lenti á mér. Þá vissi ég að það er ekkert þarna

uppi. Þó að herpresturinn segði að Drottinn hefði viljað taka fótinn af Väanän og taka um leið Väanän allan til sín.

Marta talaði afar innilega um Guð þarna undir það síðasta. Að hann biði þarna einhvers staðar eftir henni, tæki blátt áfram á móti henni eins og gömlum kunningja. Ég hlustaði á þetta af því að það var Marta sem sagði það. Þegar ég heyri það af vörum annarra hlusta ég ekki.

Reyndar er mér ekkert um hugaróra gefið. Ég er ekki hrifinn af upp-spuna. Verstir eru þeir sem skrifa um stríð, þeir litskreyta frásögnina, hundingjarnir þeir arna. Þetta eru litabækur. Ef þeir skrifuðu bara um það sem við ber á vígstöðvunum yrðu það ekki þykkar bækur. Stríðssagnahöfundar ryðja líka úr sér enn meira bulli en þeir guðfróðu.

Hvers vegna fór ég nú að tala um þetta?

Þegar Marta er hér ekki lengur til þess að grípa fram í fyrir mér reikar hugurinn þangað sem honum sýnist. Sá sem allan sinn aldur hefur verið með einhverjum öðrum vill ekki að hann fari neitt. Það getur gengið nokkra daga, þó ekki sé það gott. Ég man þegar hún var hjá systur sinni í Tavastlandi. Í þrjá daga. Mér fannst eins og hún ætlaði aldrei að koma aftur. Það er eins og maður kunni ekki að vera einn. Unga fólkið skilur af minnsta tilefni. Það er reiðubúið að rjúka burt með sængina. Um þetta sagði ég við strákinn, rífst þið þá, fjandinn eigi það. Fjárinn sjálfur, öskrið þið. Þið getið þó andskotakornið reynt að hanga á roðinu! Ef maður má ekki öskra heima hjá sér, hvar þá? Jafn-vel þó sama sagan endurtaki sig í fjörutíu ár. Þegar ég hélt heim úr stríðinu hugsaði ég sem svo að nú þyldi ég hvað sem að höndum bæri, ég skyldi aldrei gefast upp við neitt í miðju kafi. Auðvitað svaf Marta í eldhúsinu nokkrar vikur þegar hvað mest gekk á og ég hafðist líka við eina og eina nótt úti í skúr, annað eins ber nú við. Og tilvinnandi var það þegar haft er í huga hvernig sættir tókust á ný.

Hvað er ég annars að rausa þetta, bráðum kemur hann, þessi maður.

III

SAMSTARF Í NORÐUR-EVRÓPU

Þegar hörmungum síðari heimsstyrjaldar lauk lögðu stjórnámamenn í mörgum löndum mikla áherslu á að byggja upp alþjóðlegt samstarf til að treysta frið og fyrirbyggja stríð. Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar 24. október 1945. Fyrsti framkvæmdastjóri samtakanna, Norðmaðurinn Trygve Lie, tók til starfa árið 1946.

Stórveldin sem fóru með sigur af hólmi í heimsstyrjöldinni, Bandaríkin, England, Frakkland, Kína og Rússland, fengu fast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í stríðinu gegn Þýskalandi og Japan voru þessi ríki bandamenn en fyrr en varði var dregin ný markalína. Upp úr lokum styrjaldarinnar hófst „kalda stríðið“ og „járn-tjald“ skipti Evrópu í tvennt. Þessi skil urðu enn skýrari þegar múr var reistur þvert í gegnum Berlín árið 1961.

Árið 1946 efndu Belgía, Holland og Lúxemborg til samstarfs sem nefnt er Benelúx. Á Norðurlöndum var rætt um að setja á laggirnar norrænt varnarbandalag. Úr því varð þó ekki en Danmörk, Ísland og Noregur gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu (NATO) við stofnun þess árið 1949 en Svíþjóð og Finnland kusu að standa utan hernaðarbandalaga.

Þegar ljóst var orðið að viðræður um norrænt varnarsamstarf bæru ekki árangur var tekin ákvörðun um að stofna Norðurlandaráð sem vettvang fyrir samstarf þjóðþinga Norðurlanda árið 1952. Finnar gerðust aðilar að Norðurlandaráði árið 1955.

Sex Mið-Evrópuríki sem borist höfðu á banaþjóttum, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Belgía, Holland og Lúxemborg, stofnuðu Kola- og stálbandalag Evrópu árið 1950. Með Rómarsáttmálanum í mars 1958 var bandalagið leyst af hólmi af Evrópska efnahagsbandalaginu (EB), sem frá árinu 1993 hefur verið nefnt Evrópusambandið (ESB). Danir sóttu um aðild árið 1961 og Norðmenn árið 1962. Forseti Frakklands, de Gaulle, beitti neitunarvaldi gegn aðild Bretlands árið 1963 og varð þá tíu ára hlé á útpenslu EB.

Á árunum 1969 og 1970 tóku Norðurlönd upp viðræður um að stofnað yrði norrænt efnahagsbandalag – NORDEK. Í mars 1970 varð ljóst að Finnar myndu ekki undirrita stofnsamninginn og var þá horfið frá þeirri áætlun. Danir og Norðmenn tóku upp samningaviðræður um aðild að EB – núverandi ESB. Í þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin var árið 1972 greiddi meirihluti Dana atkvæði með inngöngu í EB en meirihluti Norðmanna reyndist andsnúinn aðild.

Á árunum 1973–1995 var Danmörk eina norræna landið sem átti aðild að EB/ESB. Til að treysta og þróa norrænt samstarf enn frekar var Norræna ráðherranefndin stofnuð 1971 sem vettvangur fyrir samstarf ríkisstjórnanna. Norræni fjárfestingarbankinn var svo stofnaður árið 1975, en hann veitir lán til stórra verkefna á Norðurlöndum og nú í síauknum mæli utan Norðurlanda.

Heimsmyndin og ekki síst aðstæður í Evrópu tóku stakkaskiptum við fall Berlínarmúrsins í nóvember 1989 og við upplausn Sovétríkjanna í ágúst 1991. Kalda stríðinu var lokið. Eystrasaltsríkin þrjú endurheimtu sjálfstæði sitt. Eystrasaltsráðið, (Coalition of Baltic Sea State, CBSS), var stofnað í Kaupmannahöfn í mars 1992 af utanríkisráðherrum Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, auk Rússlands, Póllands og Þýskalands. Íslendingar gerðust aðilar að Eystrasaltsráðinu árið 1995. Þingmenn Eystrasaltsríkjanna þriggja hittust fyrst á sameiginlegri ráðstefnu í Finnlandi í janúar 1991, áður en Sovétríkin liðu undir lok. Síðan þá hefur Eystrasaltsráðið árlega haldið þingmannaráðstefnur.

Við Barentshaf, nyrst í Evrópu, starfa Rússland og Norðurlönd saman á vettvangi Barentsráðsins. Norðurskautsráðið sinnir enn norðlægari svæðum. Bandaríkin, Kanada, Rússland og Norðurlönd eiga aðild að því.

Árið 1994 var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi um aðild að ESB. Niðurstaðan varð sú að Svíar og Finnar samþykktu aðild en meirihluti Norðmanna hafnaði sem fyrr inngöngu í ESB. Norðmenn og Íslendingar hafa undirritað samning við ESB um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Með fjölgun aðildarríkja ESB í 25 árið 2004 hefur hið pólitískt landakort á ný tekið breytingum. Eystrasaltsríkin þrjú og Pólland gengu um svipað leyti í NATO. Miklar umræður fara nú fram um framtíðarskipan samstarfs í Norður-Evrópu. Norðurlönd eru um þessar mundir að skilgreina hlutverk sitt á þessum samstarfsvettvangi.



+18°

KORO
TALVEN

...
...
...

Norrænt samstarf eftir stækkun ESB

Hvað veldur því að okkur finnst við vera Evrópubúar? Er til evrópsk samsemd? Evrópubúar tala ekki sama tungumál, trúarbrögðin eru mismunandi og jafnframt eru atvinnuvegirnir og menningin margvísleg. Evrópa er fjölmenningarleg heimsálfa þar sem fjölbreytni og margbreytileiki eru ríkjandi. Það er ákveðin mótsögn í því fólgin að segja að einingin felist í fjölbreytninni. Ef til vill leynist samsemdin í hugmyndinni um sameinaða Evrópu, Evrópu friðarins, Evrópu sem kýs sameiginlega þróun í átt að frelsi og velferð.

Er sjálfgefið að íbúar á því svæði sem við nefnum Evrópu muni fyrst og fremst skilgreina sig sem Evrópubúa, að þeir finni til evrópskrar samsemdar? Árið 2004 fjölgaði aðildarríkjum ESB um tíu. Verður sú fjölgun til að efla samkennd þjóða, ríkja og borgara í Evrópu?

Blaðakonan Lisa Irenius hefur í greinum í sænska dagblaðinu „Dagens Nyheter“ líkt hinni nýju Evrópu við stóra borg sem einkennist af breytingum og endurnýjun. Aukið streymi fjármagns, þjónustu, varnings og fólks, afnám landamæra, samræming laga og reglna – allt stuðlar þetta að breytingum og endurnýjun, og veitir einstakt tækifæri til að hugsa margt upp á nýtt. „Ef við lítum á Evrópu sem eina stóra borg er auðveldara að sjá fyrir sér landamæri sem eru stöðugt á hreyfingu og að miðstöðvarnar verði fleiri en ein. Óvænt þróun og hraðar breytingar

verða eðlilegur þáttur í daglegu lífi,“ skrifar Lisa Irenius. „Vonandi á Evrópa einnig eftir að fela í sér fjölbreytileika, umburðarlyndi og tækifæri.“

Heimsálfan Evrópa hefur engar skýrar landfræðilegar markalínur frá náttúrunnar hendi. Úralfjöllin marka skilin milli Evrópu og Asíu. Í suðri skilur Miðjarðarhafið Evrópu og Afríku að. Fyrrum var Miðjarðarhafið innhaf sem tengdi saman ólíka hluta Rómaveldis. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að sameina Evrópu. Þegar Karlamagnús varð keisari árið 800 náði ríki hans einungis yfir lítinn hluta Vestur-Evrópu sem var kristinn og páfinn í Róm gegndi lykilhlutverki. Á miðöldum kepptust kaþólska kirkjan og þýsk-rómverska keisaraveldið um að stækka yfirráðasvæði sín. Tilraun Napóleons til að sameina Evrópu undir yfirráðum Frakklands fór að mestu leyti fram á vígvöllum. Á tuttugustu öldinni gerðu einræðisöfl tilraunir til að hrifsa völd í Evrópu með ofbeldi. Saga Evrópu er jafnt saga sundrunar og umbrota sem saga misheppnaðra tilrauna til sameiningar.

Norrænt samstarf í ljósi Evrópuvæðingar og hnattvæðingar

Upplausn Sovétríkjanna hefur haft áhrif á stöðu Norðurlanda. Vorið 2004 gengu Eystrasaltsríkin þrjú og Pólland í Evrópusambandið. Þessi lönd hafa sterka samkennd með Norðurlöndum.

Hvaða sameiginlegra hagsmuna eiga ríkin við Eystrasalt að gæta innan Evrópusambandsins?

Norðurlönd hafa sterka hefð fyrir samstarfi. Með stofnun Norðurlandaráðs 1952 voru treyst þau vináttubönd og samkennd sem löngum hafa einkennt tengsl þeirra – sameiginleg menningararfleifð, landfræðileg nánd, tungumálasamfélag, norræn samsemd. Á Norðurlöndum ræður sameiginlegt gildismat. Það birtist hvað greinilegast í þeirri áherslu sem lögð er á að leita lausna með samráði, t.d. hvað varðar umhverfismál, jafnréttismál, lýðræði, félagslegt öryggi og velferð borgaranna.

Norrænt samstarf hefur ekki síður mikilvægu hlutverki að gegna í evrópskri samvinnu í framtíðinni. Tíminn mun leiða í ljós hvernig Norðurlönd nýta þau tækifæri sem gefast til að hafa í sameiningu áhrif innan Evrópu.

Unga kynslóðin

Forsenda lýðræðis er virk þátttaka þegnanna. Það er ekki nóg að treysta á atvinnustjórnmalamenn sem hafa fengið umboð borgaranna til að taka afstöðu og ákvarðanir í pólitískum málefnum. Áhugasamir, upplýstir og virkir samfélagsþegnar eru nauðsynlegir í hverju lýðræðis-samfélagi.

Hefur unga fólkið áhuga á að kjósa í almennum kosningum? Samkvæmt sænskri könnun meta flestir átján ára Svíar kosningaréttinn mikils (92 prósent). Næstum því jafnmargir (85 prósent) líta svo á að góðum samfélagsþegni beri skylda til að nýta kosningarétt sinn. Samkvæmt könnuninni hefur félagsleg og efnahagsleg staða þó áhrif á skoðun unga fólksins. Þeir sem betur eru stæðir eru líklegri til að kjósa.

Eurobarometer eru skoðanakannanir sem gerðar eru reglulega í löndum Evrópu. Í könnun sem gerð var árið 1995 var ungt fólk á aldrinum 15–24 ára spurt hvort það væri ánægt með lýðræðið í eigin landi. Ungt fólk frá fjórum af fimm norrænum löndum var ofarlega á listanum (Ísland var ekki með í þessari könnun): Danmörk 90%, Noregur 89%, Finnland 78%,

Svíþjóð 69%. Sambærilegar tölur fyrir ungt fólk í Suður-Evrópu voru þó nokkru lægri: Frakkland 43%, Grikkland 39%, Spánn 36% og Ítalía 26%. Yfirleitt virðist áhugi ungs fólks á virkri þátttöku í stjórnámálum hverfandi. Það speglast ekki aðeins í lítilli kosningaþátttöku heldur einnig í dræmri þátttöku í pólitísku starfi og í þeirri tilfinningu að það hafi ekki möguleika á að hafa áhrif. Væri hægt að örva áhuga ungs fólks á stjórnámálum með kerfisbreytingum, t.d. með því að lækka kosningaaldurinn í 15 ár?

Innan Evrópusambandsins er vilji til að efla lýðræðið með því að örva almenning til virkari þátttöku í pólitískum umræðum og pólitísku starfi – ekki aðeins innan hvers lands heldur einnig á vettvangi Evrópusambandsins. Hvernig má örva og efla áhuga ungs fólks á þjóðfélagsmálum bæði á landsvísu og innan ESB?

Evrópusambandið og lýðræðið

„Saman verðum við sterkari“ er slagorð sem notað er í hinu evrópska samrunaferli. En samruninn á sér einnig aðra hlið. Hlutverk stjórnmalastofnana í löndunum breytist og verður margþættara. Beint vald þeirra og áhrif á þau lög og reglur sem borgararnir eiga að hlíta verða að sama skapi minni. Stundum er talað um að lýðræðið láti undan síga.

Það er ekki auðvelt að lýsa því pólitíska kerfi sem verið er að byggja upp í ESB um þessar mundir. Sumir hafa það að markmiði að búa til Sambandsríki Evrópu en aðrir vilja leggja áherslu á tengsl fullvalda ríkja. ESB er enn sem komið er lauslegt ríkjasamband þar sem hvert ríki sér um sín mál á lýðræðislegan hátt en starfar jafnframt með öðrum að tilteknum málefnum.

Almenningur í lýðræðisríkjum hefur ákveðnar skoðanir á því hvernig pólitísku starfi skuli háttað. Í lýðræði sem nær til margra landa er starfið öðruvísi. Í ESB er dreifræðisreglan lögð til grundvallar en samkvæmt henni skulu ákvarðanir teknar svo „nálægt“ borgurunum sem tók eru á og á svo lágu stigi stjórnsýslunnar sem

kostur er. Ákvarðanir sem eiga að vera skuldbindandi fyrir öll aðildarríkin þarf þó af eðlilegum ástæðum að taka sameiginlega á evrópskum vettvangi með meirihlutasamþykktum.

Það er ofarlega á baugi í umræðunni hvort stóru löndin verði ráðandi á kostnað minni ríkja. Öllum er þó ljóst að ákveðin fjölþjóðleg vandamál á borð við umhverfismengun, alþjóðlega glæpastarfsemi, gjaldeyrisbrask og hryðjuverkastarfsemi krefjast sameiginlegra, fjölþjóðlegra lausna sem samþykkja þarf með meirihluta-ákvörðunum. Þannig má leysa mál sem snerta fleiri en eitt ríki og eru ofviða hverju landi fyrir sig. Forsenda þess að almenningur sætti sig við ákvarðanir sem teknar eru á þennan hátt er að litið sé á þær sem „góðar og skynsamlegar“. Ákvarðanir sem ráðherraráð ESB tekur eru skuldbindandi fyrir alla íbúa aðildarríkjanna.

Mörgum finnst þeir hafa litla möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanatöku innan ESB. Þó fara áhrif Evrópuþingsins vaxandi, en kosið er til þess í beinum kosningum í öllum aðildarríkjunum. Jafnframt stendur íbúum aðildarríkja ESB til boða margþættara lýðræðisferli en flestum öðrum því þeir geta tekið þátt í stjórnmalalífi í eigin héraði, á landsvísu og á Evrópuvettvangi. En hvernig eru borgararnir í stakk búnir til að takast á við það verkefni, að taka virkan þátt í pólitískum umræðum til að finna skynsamlegar lausnir á sameiginlegum pólitískum vandamálum?

Sú ábyrgð hvílir á herðum ríkisstjórna landanna að vekja athygli á þeim málefnum sem fjallað er um innan ESB og gera þau sýnileg þannig að pólitísk umræða geti farið fram meðan enn er hægt að hafa áhrif á niðurstöðuna. Ljóst er að í framtíðinni verða ekki aðeins ákvarðanir í einstökum málum til umfjöllunar heldur verður einnig rætt um á hvaða stigi stjórnkerfisins eigi að taka þær – á vettvangi sveitarfélags, á þjóðþingi, innan ESB eða hjá alþjóðasamtökum á borð við Sameinuðu þjóðirnar.

Fjölgun aðildarríkja ESB í 25 mun ekki einfalda hið pólitíska ferli. Valdahlutföllin milli póli-

tískra stofnana munu einnig breytast með nýrri stjórnarskrá ESB. Áhrif Evrópuþingsins aukast stöðugt. Afstaða nýju aðildarríkjanna tíu á stundum eftir að ráða úrslitum. Evrópusambandið felur í sér tækifæri fyrir aðildarríkin til að stunda árangursríkt samstarf. Ógerlegt er að sjá fyrir hvernig því samstarfi verður háttað í smáatriðum.



Fjögur sjónarhorn á grannsvæði Norðurlanda í austri

Saga Finnlands er að mörgu leyti frábrugðin sögu annarra ríkja á Norðurlöndum. Hér fer á eftir yfirlit yfir þær miklu breytingar sem orðið hafa í samskiptum skandinavísku landanna við nágrannana í austri. Breytingarnar verða skoðaðar frá finnskum sjónarhóli í sögulegu, menningarlegu og efnahagslegu ljósi og með tilliti til framtíðarþróunar. Á ferðalagi um tíma og rúm verður brugðið ljósi á sameiginleg örlög þeirra landa sem liggja að Eystrasalti. Eftir fall Sovétríkjanna og eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt og gengu til liðs við NATO og ESB hafa opnast ný tækifæri til samstarfs í austurvegi en einnig hafa skapast ný vandamál.

Svíar, Finnar, Danir, Norðmenn og Íslendingar nútímans lifa fyrir líðandi stund og leiða sjaldan hugann að mikilvægum sögulegum tengslum í austurátt. Fyrr á tímum voru Finnland og Eystrasaltlöndin ásamt gamla Rússlandi mikilvægir áfangastaðir fyrir Norðurlandabúa.

Það voru ekki einungis víkingar sem sigldu í austurveg og reistu verslunarstaði við strendurnar og fljótin miklu í Rússlandi. Árið 1219 gerði danski konungurinn Valdimar sigursæli tilraun til að kristna íbúa Líflands þar sem sagan segir að hann hafi séð danska fánann svífa af himni niður. Krossferðir Svía til Finnlands fólu í sér útpenslu evrópsks stórveldis miðalda, eins konar „norðlæga vídd“ rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Á sama tíma lögðu sænskir bændur

og fiskimenn undir sig frjósamar strendur Finnlands. Öldum saman fylgdu í fótspor þeirra sænskir prestar, aðalsmenn og embættismenn en afkomendur þeirra byggðu upp þjóðmenningu í Finnlandi á 19. öld.

Útpensla Evrópusambandsins í austurátt á okkar dögum virðist ekki jafn einstæður viðburður ef rifjaðar eru upp ferðir þýsk-danska krossfara og Hansakaupmanna sem náðu yfirráðum á Eystrasalti á miðöldum. Síðan tók við sænska stórveldið sem í samkeppni við rússneska keisaraveldið lagði undir sig Ingermanland, Eistland og stóran hluta Lettlands. Merki þessara gömlu styrjalda, verslunarsamskipta og menningarstrauma sem bárust til strandhéraða við Eystrasalt austanvert má enn sjá í gömlu bæjarhlutunum í Tallinn og Ríga, á fornum herragörðum og í alþýðumenningu til sveita í Finnlandi og Eistlandi, en einkum þó í kirkjum og háskólum í þessum löndum.

Straumarnir lágu einnig í hina áttina. Karelía og Ingermanland urðu fyrir austur-rómverskum, grísk-kaþólskum og slavneskum áhrifum löngu áður en Þjóðverjar, Danir og Svíar komu og boðuðu vestur-kaþólska kenningu með sverð á lofti. Uspenskij-dómkirkjan í Helsingfors minnir á að grísk-kaþólska kirkjan er enn þjóðkirkja í Finnlandi með sömu réttindum og skyldum og evangelísk-lúterska kirkjan.

Syngjandi keðja

Þegar Þjóðir Eystrasaltsríkjanna héldust syngjandi í hendur og mynduðu lifandi keðju meðfram strönd Eystrasaltsins haustið 1989 til að losa sig undan oki Sovétríkjanna á táknrænan hátt var það hápunktur menningarhefðar, sönghátíðarhefðar. Upphaf þessarar sönghefðar má rekja til Ríga og Tallinn á síðari hluta 19. aldar, þaðan barst hún til Finnlands og í hana sóttu bæði finnsk þjóðernisstefna og finnlandssænska hreyfingin andlegan styrk um aldamótin 1900. Það lifir enn í þeim glæðum.

Rússnesk og eistnesk áhrif á finnskar bókmenntir og klæðaburð (og öfugt) hafa einnig verið veruleg. Þeir sem rannsakað hafa finnsku vita að í henni er fjöldi germanskra, baltneskra og slavneskra tökuorða. Í eistnesku gætir mikilla áhrifa frá þýsku og sænsku. Tugþúsundir Eista sem flúðu til Svíþjóðar og annarra landa hafa einnig borið með sér menningaráhrif og síði sem að einhverju leyti hafa samlagast ríkjandi menningu en lifa enn í minningu eldri kynslóðarinnar sem eistnesk menning.

Mikill tekjumunur

Minningin um stríð, valdablokkir og tilraunir til sameiningar Evrópu á 20. öldinni gera að verkum að Norðurlandabúar gleyma oft þeim efnahagslega raunveruleika sem lá að baki byltingu og þróun á grannsvæðunum. Þegar rússneskir sósíalistar með Lenín og Trotskí í broddi fylkingar gerðu byltingu í Rússlandi 1917 beittu þeir ekki aðeins valdboði heldur töluðu til þjóðarinnar með slagorðum á borð við „friður og brauð“. Svo nærri var gengið rússnesku þjóðinni og herliði keisarans að nýja kerfinu var tekið fegins hendi. Þegar fór að hrikta í stoðum Sovétkerfisins var það ekki aðeins vegna vegna „glasnost“, kröfunnar um lýðræði og gegnsæi, heldur einnig vegna „perestrojka“, sem fól í sér kröfu um kerfisbreytingu í efnahagslífinu. Það var hreinlega orðið óhjálkvæmilegt að veita einkaframtaki og frjálsum markaðsöflum svigrúm.

Í byrjun sjötta áratugarins, þó nokkrum árum eftir lok síðari heimsstyrjaldar, voru flestar vörur í Finnlandi skammtaðar. Daglegar nauðsynjavörur var ekki hægt að kaupa nema gegn framvísun skömmtunarseðla og 6–10 manna flóttamannafjölskyldur hírðust í litlum 50 fermetra íbúðum í bæjunum eða í kofum til sveita. Kaffi og fatapakkar frá Svíþjóð og Bandaríkjunum voru vel þegnar sendingar.

Nú, 50 árum síðar, er líka erfitt að ímynda sér þá eynd sem ríkti í úthverfum og sveitum í Rússlandi, Karelíu og Eistlandi. Jafnframt er erfitt að ímynda sér þann gífurlega lífskjaramun sem fylgt hefur í kjölfar frjálsra markaðsafla. Þriðja dæmið, sem er nýtt, um ólík lífskjör: Samískir hreindýrabændur kvarta sáran yfir því hvernig ríkisstyrkt skógarhögg eyðileggur síðustu beitolönd fyrir hreindýr í fjallshlíðum Ivalo-héraðs. Svipaðar raddir heyrast einnig frá mörgum öðrum stöðum í Finnlandi, Norður-Svíþjóð og Noregi þar sem fjöldi bænda og fiskimanna hefur fram til þessu byggt afkomu sína á styrkjum frá ESB og viðkomandi ríki. Þessi kreppa velferðarkerfisins er þó smámunir miðað við þá erfiðleika sem eistnesk, lettnesk og lítháísk landbúnaðaryfirvöld hafa þurft að takast á við undanfarin 10–15 ár og ekki léttist róðurinn í tengslum við inngöngu þessara landa í ESB.

Staða sænskra og finnskra fyrirtækja hefur verið mjög sterk við nýbyggingar og húsavíðgerðir bæði í Pétursborg og í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna. Norræni fjárfestingarbankinn gegndi mikilvægu hlutverki varðandi lánveitingar á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar bæði í Eistlandi og Lettlandi. Danir hafa tekið þátt í uppbyggingu samgöngukerfa og endurgerð bygginga í Ríga og Vilnús. Norsk olía og sænsk vatnsorka keppa um orkumarkaði á Norðurlöndum við rússneskt jarðgas og kjarnorkuver. Eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt hefur ferðapjónusta dafnað og Finnar, Svíar og Danir hafa í síauknum mæli fjárfest í fasteignum í Eystrasaltslöndunum. Á það jafnt við um höfuðborgirnar sem strandsvæðin og gamla heilsubótarstaði.

Háskólar í Eystrasaltsríkjunum bjóða góða menntun og þar sem framfærslukostnaður er lágur leggur nokkur fjöldi finnskra, sænskra, danskra og norska námsmanna stund á nám í þessum löndum. Norrænar menntastofnanir bjóða jafnframt ungmennum frá Eystrasaltsríkjunum styrki og þátttöku í nemendaskiptum (Erasmus/Nordplus).

Nýtt samstarf við Eystrasalt

Áður fyrr var Eystrasaltið og vogskornar stendur þess þýsk-danskt og sænskt innhaf og um það lágu mikilvægar flutningaleiðir fyrir alls kyns varnings, allt frá viði og tjöru til klæða og kryddvöru frá fjarlægum löndum. Efnahagslegar og menningarlegar nýjungar bárust til norðurs eftir sænsku, baltnesku og finnsku ströndunum.

Á okkar dögum sigla stór olíuflutningaskip á höfunum. Einhver mesta umhverfisógn sem steðjar að okkur og komandi kynslóðum er sú umhverfiseyðilegging sem iðnaður og þaulræktun á Norðurlöndum, í Sovétrússlandi,

Póllandi og Þýskalandi hafa valdið í margar kynslóðir.

Önnur framtíðarspurning snertir áhrif aðildar Eystrasaltslandanna að ESB á flutninga fólks milli Eystrasaltsríkjanna og norrænu ríkjanna. Norðurlönd urðu fyrst ríkja til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna – Ísland allra fyrst. Verður hægt að viðhalda og efla tengslin við Eystrasaltsríkin?

Hvaða almenna þekking á atvinnulífi, sögu og menningu landanna er nauðsynleg og að hve miklu leyti er tungumálakunnátta nauðsynleg í tengslum við samstarf í kringum Eystrasaltið? Er óraunhæft að ætla sér að efla gagnkvæma þekkingu á norrænum og baltneskum tungumálum? Vegna nálægðarinnar við Rússland, og þá sérstaklega við Pétursborg, þurfa Finnar að leggja sig sérstaklega fram, m.a. vegna aukins fjölda rússneskumælandi innflytjenda. Þarfir rússneska minnihlutans og tungumálakröfur sem gerðar eru til hans í Eystrasaltsríkjunum er viðkvæmt mál sem leysa þarf með varkárni og tillitssemi. Það þurfa Norðurlönd að hafa í huga.



Að ráða fram úr því óviðráðanlega

Um Vestur-Norðurlönd og nágretta þeirra

Þegar fámenn svæði eiga sameiginlega hagsmuna að gæta er mikilvægt að þau starfi saman. Ef vilji er fyrir hendi er hægt að leysa verkefni sem við fyrstu sýn virðast óviðráðanleg.

Á Vestur-Norðurlöndum – Íslandi, Færeyjum og Grænlandi – byggist lífsafkoma að miklu leyti á fiskveiðum. Byggðin er dreifð og loftslagið frekar kalt. Atlantshafið tengir Vestur-Norðurlönd við nágretta á skosku eyjunum og í norðausturhluta Kanada. Íbúar á Vestur-Norðurlöndum og grannlöndum þeirra eiga mikilla hagsmuna að gæta varðandi auðlindir hafsins og verndun þeirra. Því er afar brýnt að auðlindirnar séu nýttar á sjálfbæran hátt.

Ein af niðurstöðum leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesborg árið 2002 var að efla þyrfti svæðisbundið samstarf til að koma í veg fyrir frekari mengun heimshafanna. Svæðasamstarf við Norður-Atlantshafið getur hjálpað til við að ná markmiðum SP um sjálfbæra nýtingu fiskistofna fyrir árið 2015.

Þó Ísland, Færeyjar, Grænland og strandsvæði Noregs eigi í samkeppni á alþjóðamarkaði hafa þessi lönd og svæði engu að síður mikilla sameiginlega hagsmuna að gæta í sjávarútvegsmálum. Sama á við um nágrettana á norðausturströnd Kanada, í Skotlandi og á Írlandi.

Norður-Atlantshafið er eitt hreinasta og gjöfulasta hafsvæði heims. Fiskurinn sem þar veiðist er eftirsótt vara. Því er það forgangsmál fyrir Vestur-Norðurlönd og nágretta þeirra að

tryggja og bæta vaxtarskilyrði á sameiginlegum fiskimiðum og gera þau enn betri til að viðhalda góðri ímynd fiskistofna Norður-Atlantshafsins. Veiðarfæri hafa lengi verið til umræðu og Norræna ráðherranefndin hefur varið fjármunum til að þróa kjörhæf veiðarfæri sem einungis fanga þær tegundir sem sóst er eftir. Markmiðið með notkun kjörhæfra veiðarfæra er sjálfbær nýting auðlinda hafsins.

Verndun hafs og umhverfis á sér engin landamæri og frumskilyrði er að ráðstafanir séu gerðar bæði svæðisbundið og á alþjóðavett-



vangi. Stjórnámálamenn á Vestur-Norðurlöndum líta á það sem skyldu sína að sjá til þess að verndun hafsins sé eitt af áherslusviðunum í norrænu samstarfi. Löndin eiga allt undir auðlindum hafsins en fara jafnframt hvert og eitt með fiskveiðistjórnun sem er með mismunandi hætti í löndunum. Hreint Norður-Atlantshaf er auðlind sem veitir Norðurlöndum í heild sérstöðu og sameiginlegan styrk.

Loftslagsbreytingar á norðurheimskautinu sýna að verndun hins viðkvæma umhverfis á norðurslóð er verkefni sem stöðugt þarf að huga að. Auknir olíuflutningar á norðlægum höfum eru annað dæmi sem sýnir að þörf er á sameiginlegum aðgerðum. Með nánari tengslum við grannsvæðin við Norður-Atlantshaf öðlast Norðurlönd betri forsendur til að takast á við viðfangsefni framtíðarinnar.

Góðir nágrannar

Afar brýnt er fyrir norrænu ríkin að rækta tengslin við nágranna sína. Sá árangur sem náðst

hefur frá 1991 í samstarfi við nágranna Norðurlanda í austri er skýrt dæmi um það. Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf á norðurheimskautssvæðum sýnir á sama hátt mikilvægi góðra tengsla við nágranna í norðri. Tengslin til suðurs endurspeglast meðal annars í þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar í starfi að framkvæmdaáætlun ESB um „Norðlægu viddina“. Sem útvörður Norðurlanda til vesturs og suðvesturs eru Vestur-Norðurlöndin vel í sveit sett til að loka hringnum um grannsvæðasamstarfið. Af þessum sökum er nú unnið að mótun grannsvæðastefnu til vesturs. Markmiðið er að skapa jafnvægi milli grannanna í austri og vestri með sameiginlega hagsmuni fyrir augum.

Í skýrslu um Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi, sem Norræna ráðherranefndin hefur skilað af sér, eru miklar upplýsingar um svæðisbundið samstarf á Vestur-Norðurlöndum ásamt tillögum um hvernig efla megi það og auka. Í skýrslunni er einmitt lögð áhersla á að norrænu löndin stofni til nánara samstarfs við grannsvæði Vestur-Norðurlanda til að takast á við þau



vandamál sem stöðja að Norður-Atlantshafinu og snerta alla íbúa á norðurhveli jarðar. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er það sameiginlegt hagsmunamál Norðurlanda að efla norrænt samstarf ekki einungis innan Vestur-Norðurlanda heldur einnig við nágretta Vestur-Norðurlanda.

Hagvöxtur á Vestur-Norðurlöndum

Frá því um miðjan síðasta áratug hefur velmegun aukist til muna á Vestur-Norðurlöndum og fólksfjölgun er mikil. Upplýsingar úr Norrænu tölfræðiárbókinni 2003 staðfesta þetta.

Hagvöxtur hefur einkum verið mikill í Færeyjum og á Íslandi síðastliðin sjö ár. Á sama tíma og vergar þjóðartekjur hafa aðeins aukist um u.þ.b. 18 prósent í Danmörku og 20 prósent í Svíþjóð hefur aukningin verið 30 prósent á Íslandi. Í Færeyjum hefur hagvöxtur verið um 50 prósent eftir mjög erfiða kreppu í upphafi tíunda áratugarins. Í Noregi og á Grænlandi hefur hagvöxtur verið 22–23 prósent. Þetta er meiri hagvöxtur en í Danmörku og Svíþjóð. Finnland er undantekning frá reglunni á Austur-Norðurlöndum. Þar hefur hagvöxtur verið svipaður og á Íslandi eða 29,4 prósent.

Miðað við meðaltekjur (BNP á hvern íbúa) eru Noregur og Ísland auðugustu löndin á Norðurlöndum. Út frá sömu forsendum eru Svíþjóð og Finnland „fátækustu“ löndin.

Menningarauðlegð

Hagvöxtur er ekki það eina sem skiptir máli. Menningarleg auðlegð er einnig mikilvæg. Vestur-Norðurlönd eiga hvert um sig auðugt menningarlíf. Menningarstraumar tengja löndin og það er ekki síst unga fólkið sem ferðast um landamæralaus Norðurlönd. Sem dæmi um ungt fólk frá Vestur-Norðurlöndum sem hefur átt velgengni að fagna má nefna Guðrúnu Jacobsen frá Færeyjum sem sigraði í söngvakeppni danska sjónvarpsins „Stjerne for en aften“. Íslenska hljómsveitin Sigur Rós hefur vakið

næstum því eins mikla athygli á alþjóðavettvangi og Björk. Sigur Rós sækir innblástur í gamla þjóðlagatónlist.

Á sama hátt og gömul þjóðlagatónlist geta fornar sagnir orðið rithöfundum nútímans innblástur. Í norrænu menningarsamstarfi leggja Íslendingar áherslu á að nýta betur þá auðlegð sem felst í fornbókmenntum Norðurlanda. Rökin eru þau að þessi mikilvægi hluti norræns menningararfs geti orðið uppspretta fyrir nútímamenningu. Í því tilliti er einkum vert að nefna norræna goðafræði, en nýlega var gefin út norræn frímerkjaröð helguð henni.

Í norrænu samstarfi er mikil áhersla lögð á að styrkja menningarstarfsemi. Fimmtungur fjárveitinga Norrænu ráðherranefndarinnar rennur til menningarmála. Í öllum löndunum eru norrænar menningarstofnanir, þar má nefna Norrænu stofnunina um samtímalistir, NIFCA, í Finnlandi, Norrænu miðstöðina um sviðslistir, NordScen, í Danmörku og Norrænu listamannamiðstöðina í Dalsåsen í Noregi.

Á Vestur-Norðurlöndum rekur Norræna ráðherranefndin þrjár menningarmiðstöðvar: Norræna húsið á Íslandi, Norðurlandahúsið í Færeyjum og Norrænu stofnunina á Grænlandi, NAPA. Í norrænu menningarhúsunum eru haldin málþing og sýningar og rekin bókasöfn þar sem meðal annars má nálgast nýjustu upplýsingar um norrænt samstarf.

Til eru ótal dæmi um norrænt samstarf sem hefur vakið athygli í öðrum heimshlutum. Margar góðar farandsýningar hafa verið settar upp með það fyrir augum að veita innsýn í menningu og sögu Vestur-Norðurlanda. Víkingasýningin „Vikings – The North Atlantic Saga“ var fyrst sett upp í New York sumarið 2000. Hún fór síðan víðs vegar um Bandaríkin og Kanada og sýningargestir skiptu milljónum. Annað dæmi um farandsýningu er sýningin „Veidimenn í útnorðri“ sem veitir innsýn í sögu og þróun fiskveiða og veiðimennsku á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Sýningin var fyrst sett upp í Norræna húsinu í Reykjavík árið 2002 og hefur síðan farið víða um lönd.

AÐ FERÐAST UM NORÐURLÖND

Langar þig til að fara í skólaferðalag til annars norræns lands eða ertu í leit að sumarvinnu? Ungmönnum, námsmönnum og kennurum á Norðurlöndum hefur um margra ára skeið gefist kostur á námsferðum í gegnum NORDPLUS-áætlunina, sem sífellt fleiri taka þátt í. Norræna ráðherranefndin veitir 250 milljónir danskra króna til NORDPLUS-áætlunarinnar á tímabilinu 2004–2006.

Markhópur Nordplus Junior er nemendur í grunnskólum og nemendur á aldrinum 16–19 ára. Kennarar í grunn- og framhaldsskólum geta einnig sótt um styrki.

Nánari upplýsingar: www.nordskol.org/

TILVITNANIR AF WWW.NORDEN.ORG

„Í gegnum Nordplus fengum við tækifæri til að búa hjá og kynna fólk í hinum norrænu löndunum. Það var spennandi reynsla.“

„Við fræddumst um það sem er líkt og ólíkt í löndunum og vögnuðum þannig til vitundar um eigin styrk.“

Sumarstarf á Norðurlöndum

Nordjobb hefur fundið sumarstörf fyrir u.þ.b. 15.000 norræna unglinga síðan starfsemin hófst árið 1985. Nordjobb útvegar einstaklingum á aldrinum 18–26 ára sumarstörf á sjálfstjórnarsvæðunum eða í öðru norrænu landi en heimalandi umsækjenda. Nordjobb getur útvegað húsnaði en að sjálfsögðu þarf að greiða húsaleigu.

Laun eru greidd samkvæmt gildandi launatöxtum og skattur er greiddur til landsins sem starfað er í. Alls staðar þar sem Nordjobb hefur starfsemi er leiðbeinandi sem aðstoðar ungmennin, veitir hagnýtar upplýsingar, meðal annars um hvar þau eiga að búa og vinna.

Nánari upplýsingar: www.nordjobb.net



TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, og sjálfstjórnarsvæðin Færeyjar, Grænland og Álandseyjar eiga aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Færeyjar og Grænland heyra undir konungsríkið Danmörku, en Álandseyjar eru hluti af Lýðveldinu Finnlandi.

DANMÖRK

Flatarmál: 43.376 km².
 Hæsta fjall: Yding Skovhøj – 172,5 m.
 Fólksfjöldi 1. janúar 2003: 5.397.640 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km²: 124,91 íbúi
 Höfuðborg (með úthverfum): Kaupmannahöfn
 1.756.648 íbúar
 Stjórnarfar: Þingbundið konungdæmi
 Aðild að ESB: Frá 1. janúar 1973

FÆREYJAR

Flatarmál: 1.399 km².
 Hæsti punktur: Slættaratindur 882 m.
 Fólksfjöldi: 48.323 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km²: 34,1 íbúi
 Höfuðborg: Þórshöfn (og nágrenni) 18.539 íbúar
 Stjórnarfar: Sjálfstjórn undir konungdæmi Danmerkur
 Aðild að ESB: Nei

GRÆNLAND

Flatarmál: 2.166.086 km².
 Íslaust svæði: 410.449 km².
 Hæsti punktur: Gunnbjörns Fjeld 3.700 m.
 Fólksfjöldi 1. janúar 2003: 56.854 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km² (íslauss svæðis): 0,14 íbúar
 Höfuðborg: Nuuk 14.265 íbúar
 Stjórnarfar: Sjálfstjórn undir konungdæmi Danmerkur
 Aðild að ESB: Nei

FINNLAND

Flatarmál: 338.145 km².
 Hæsti punktur: Halti, Halditjåkko (Haldefjäll) 1.328 m.
 Fólksfjöldi: 5.219.732 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km²: 17,1 íbúi
 Höfuðborg (með úthverfum): Helsingfors 976.222 íbúar
 Stjórnarfar: Lýðveldi
 Aðild að ESB: Frá 1. janúar 1995

ÁLANDSEYJAR

Flatarmál: 1.552 km².
 Hæsti punktur: Orrdalsklint 129 m.
 Fólksfjöldi 1. janúar 2003: 26.347 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km²: 17,2 íbúar
 Höfuðborg: Mariehamn 10.632 íbúar
 Stjórnarfar: Sjálfstjórn undir finnska Lýðveldinu
 Aðild að ESB: Frá 1. janúar 1995 (ekki aðild að skattasambandi ESB)

ÍSLAND

Flatarmál: 103.300 km².
 Hæsti punktur: Hvannadalshnúkur 2.111 m.
 Fólksfjöldi: 290.570 íbúi
 Fólksfjöldi á hvern km²: 2,8 íbúar
 Höfuðborg (með úthverfum): Reykjavík 181.925 íbúar
 Stjórnarfar: Lýðveldi
 Aðild að ESB: Nei, aðild að EES frá 1. janúar 1994

NOREGUR

Flatarmál: 323.758 km².
 Hæsti punktur: Galdhøpiggen 2.469 m.
 Fólksfjöldi: 4.577.457 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km²: 14,9 íbúar
 Höfuðborg (með úthverfum): Ósló 1.010.504 íbúar
 Stjórnarfar: Þingbundið konungdæmi
 Aðild að ESB: Nei, aðild að EES frá 1. janúar 1994

SVÍÞJÓÐ

Flatarmál: 450.295 km².
 Hæsti punktur: Kebnekaise 2.111 m.
 Fólksfjöldi: 8.975.670 íbúar
 Fólksfjöldi á hvern km²: 21,8 íbúar
 Höfuðborg (með úthverfum): Stokkhólmur 1.693.946 íbúar
 Stjórnarfar: Þingbundið konungdæmi
 Aðild að ESB: Frá 1. janúar 1995

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NORÐURLÖND

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð gefa út ýmis konar efni sem getur nýst í kennslu. Sem dæmi má nefna Norrænu tölfræðiárbókina sem kemur út árlega en í henni má finna ýmsar staðreyndir um Norðurlönd.

Á vefsetrinu www.norden.org er að finna upplýsingar um öll svið norræns samstarfs. Þar er einnig margs konar útgefið efni á pdf-skjölum þar sem fjallað er nánar um tiltekin svið.

Vefsetrið www.norden.org/unginorden er ætlað ungu kynslóðinni. Þar má nálgast nánari umfjöllun um bókina „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa”. Eins er þar krækja á umfjöllun um myndbandið „Á sama báti“ sem segir frá ferð sem hópur ungs fólks fór á víkingaskipi.

Á vef norræna skólanetsins, www.nordskol.org, er einnig að finna ítarefni sem tengist bókinni „Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa“ og margar hugmyndir sem geta nýst við kennslu.